



Sögurnar í
Villibrað beint
af skepnum



Sparaðu tíma og
gerðu einfaldari
innkaup á **netto.is**



nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 19. JANÚAR 2023



Sindri Snær Birgisson og Ísídór Nathansson, hinir grunuðu í hryðjuverkamálinu, mæta í héraðsdóm. Þeir neita að hafa skipulagt hryðjuverk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MENNING 22

Ólíkir listamenn
með svipaða sýn




ÍPRÓTT 16



Hefur áhyggjur
af lykilmönnum
Íslands

LÍFIÐ 25



Búast má við beinbrotum

VEDUR Hált og blautt verður á föstudag og fram á helgina vegna viðsnúnings í veðrinu. Gefin hefur verið út gul viðvörðun vegna asahláku um allt land sem er sjaldgæft.

Veðurstofan varar við að klakabundnar ár geti rutt sig, flætt yfir bakka og valdið tjóni.

Á fámennri bráðamóttöku Landspítalans býst starfsfólk við aukinni aðsókn vegna hálkuslysa. „Við hefðum viljað vera betur undirbúin en að sjálfsgöðu tókum við á móti öllum eins og hægt er,“ segir Hjalti Már Björnsson yfirlæknir. SJÁ SIÐU 4



Hjalti Már Björnsson, yfirlæknir á bráðamóttöku Landspítala

Telur Þingvallableikjuna vera fórnarlamb fégræðgi

Bleikjan í Þingvallavatni er á hverfanda hveli. Veidimaður með áratuga reynslu segir græðgi veiðileyfissala og reglur um sleppingu urriða orsökina. Sérfræðingur bendir á loftslagsbreytingar.

gar@frettabladid.is

LÍFRÍKI „Á veiðislóð hjá mér hefur bleikjan bara ekki sést í tvö sumur. Þetta er bara hræðilegt,“ segir Pjetur Maack silungsveiðimaður sem hefur stundað silungsveiði á stöng í Þingvallavatni í áratugi.

Pjetur segir skýringuna á veikri stöðu bleikjunnar felast í hinu fornkveðna; að peningarnir ráði.

„Við Þingvallavatn núna eru tvö ef ekki þrjú félög sem eru að selja



Við það að sleppa öllum urriða þarf hann að éta og hann étur allt.



Pjetur Maack, silungsveiðimaður

veiðileyfi í urriða,“ segir hann. „Við það að sleppa öllum urriða þarf hann að éta og hann étur allt,“ útskýrir Pjetur.

Finnur Ingimarsson, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs, segir sláandi mun á ástandi bleikjustofna í Þingvallavatni miðað við það sem var um miðjan níunda áratug síðustu aldar.

„Þegar bornar eru saman veiðitölur og hlutfall er svolítið sláandi munur á milli þessara tíma þar sem bleikja hefur á flestum sviðum gefið eftir á meðan urriði hefur vaxið töluvert,“ segir Finnur um stöðuna við Fréttablaðið.

Að sögn Finns er hlýnun vegna loftslagsbreytinga að öllum líkindum þáttur í hnignun bleikjunnar. SJÁ SIÐU 6



**ÚTSÖLU
MARKAÐUR**
Komdu og gramsaðu

**20-70% AF
VÖLDUM
VÖRUM**

SAMAN Í
60 ÁR **BYKO**



Margir vilja fremur sand og sjó en klaka og snjó. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Play bregst við eftirspurn í sólina

benediktboas@frettabladid.is

FERÐALÖG Flugfélagið Play hefur ákveðið að framlengja áætlun sína til Las Palmas fram í júní. Hingað til hefur áætlun Play til Las Palmas aðeins náð yfir fjóra mánuði, eða frá desember og fram til mars, en vegna mikillar eftirspurnar hefur verið tekin ákvörðun um að lengja áætlunina um þrjá mánuði.

„Þetta er það sem við viljum gera. Koma Íslendingum í sólina á ódýrari hátt og þeir hafa svo sannarlega gripið tækifærið,“ segir Birgir Jónsson, forstjóri Play.

„Markaðshlutdeild farþega á leið til útlanda frá Íslandi hefur verið um 25 prósent frá janúar 2022 samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu. Við finnum fyrir þessum mikla meðbyr og þess vegna erum við að framlengja áætlun okkar til Las Palmas, Íslendingum til hagsbóta,“ segir Birgir. ■

Sigur í fyrsta leik í Gautaborg



Óðinn Þór Ríkhartsson átti flottan leik er Strákarnir okkar unnu sinn fyrsta leik í milliriðlum gegn Grænhöfðaeyjum á HM í handbolta í gærkvöld, leikið var í Gautaborg. Íslendingar eru nú með fjögur stig við topp síns riðils og fram undan er risavaxið verkefni gegn heimamönnum í Svíþjóð. SJÁ SÍÐU 16 FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Úr þrengslum í rúmgott herbergi

ser@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Rúmlega sjötugur eiginmaður Magneu Erludóttur er kominn í rúmgott eins manns herbergi á Hrafnistu eftir að hafa dvalið um skeið í þriggja manna herbergi á Landakoti. Magnea sagði nýverið í Fréttablaðinu að aðstæður hans þar hefðu verið ómanneskjulegar.

Eiginmaðurinn glímur við heilabilun – og þakkar Magnea það ekki síst umfjöllun blaðsins að tekið hafi verið á málum hans. „Umfjöllunin vakti svakalega mikla athygli,“ segir hún, „og ég fékk mikil og góð viðbrögð við henni. Almennir vill að hreyft sé við þessum málum. Það er greinilegt,“ segir hún.

Maður hennar var um tíma á Vífilsstöðum, í góðu atlæti, en eftir



Magnea Erludóttir

að það húsnæði var selt undir einkarekna lækniþjónustu var hann sendur „hreppaflutningum eins og hver annar sveitarómagi“ á Landakot, eins og Magnea orðar það.

Þar blöstu þrengslin við og Magneu féll allur ketill í eld. „En núna á hann aftur heimili,“ segir Magnea og kveðst jafn glöð og hún er þakklát. „Hann er kominn í yndislegt og rúmgott herbergi á Hrafnistu með þremur gluggum, út af fyrir sig.“ ■

Málar í kapp við tímann

Kynningarstjóri Akureyrarbæjar hefur komið sjálfum sér og öðrum á óvart með blússandi myndlistarferli á miðjum aldri.

bth@frettabladid.is

AKUREYRI „Ég veit ekki hvort það er kostur eða galli að hafa byrjað svona seint að mála, en ég mála fyrst og fremst af svona miklum þrótti vegna þess að ég átta mig vel á að það er dálítið líðið á ævina og tími okkar er takmarkaður,“ segir Ragnar Hólm, verkefnastjóri kynningarmála hjá Akureyrarbæ.

Ragnar stendur á sextugu og hefur komið eins og stormsveipur inn í myndlistina síðustu ár. Hann málar og málar, jafnt með olíu- og vatnslitum, líkt og enginn sé morgundagurinn. Velgengnin hefur verið slík að hann selur ídulega hverja einustu mynd á örskömmum tíma ef hann heldur sýningu.

Ragnar sótti um inngöngu í Myndlista- og handíðaskólann sem ungur maður. Honum var hafnað um inngöngu þar sem hann þótti ekki draga nógu vel upp þvottaklemmu. Hann lærði heimspeki og félagsfræði og vann lengi að markaðsmálum hjá Stöð 2. Svo flutti hann aftur norður í sinn gamla heimabæ, Akureyri.

Vatnslitamyndir Ragnars eru lágstemmdar en hann er „coloristi“ er kemur að olíumálverkinu. Hann segir erfitt að meta hvort það hafi orðið honum happ að vera ekki skólagenginn í myndlist.

„Maður hefur kannski ræktað einhverjar sérviskur sem annars hefðu verið skólaðar úr manni.“

Margs konar myndlistarmenntun hefur Ragnar þó sótt sér út fyrir landsteinana seinni ár. Hann segist einnig seint fá fullþakkað Guðmundi Ármann myndlistarmanni fyrir ýmsa ráðgjöf og liðveislur.



Ragnar Hólm á vinnustofu sinni. Málar eins og enginn sé morgundagurinn og hefur átt mikilli velgengni að fagna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Maður hefur kannski ræktað einhverjar sérviskur sem annars hefðu verið skólaðar úr manni.

Ragnar Hólm, verkefnastjóri

„Ég er algjörlega tvískiptur,“ segir Ragnar þegar spurt er hvers konar listamaður hann sé. „Vatnslitirnir eru fyrst og fremst landslag, það er rosalega róandi að láta vatnið dansa eftir myndfletinum. En ef vatnslitun er ballett þá er það að mála með olíu meira eins og box.“

Spurður hvort hrós og hvatning skipti hann máli, svarar Ragnar:

„Já, mjög miklu máli, ég geng fyrir hólí og held það eigi við um alla menn. Eru ekki bara sumir feimnir við að viðurkenna það?“

Ragnar Hólm á orðið verk til sýnis á alþjóðlegum vettvangi og það er hugvekjandi staðreynd að krafturinn í honum eigi sér uppsprettu í vissanum um hverfuleika lífsins.

„Ég gæti greinst með ólæknandi sjúkdóm á morgun. Þegar kallið kemur langar mig ekki að vita af mörgum ókláruðum myndum.“ ■



blómaval HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

ÚTSALA

Lýkur um helgina



Allar flísar

~~30-45%~~

Plastbox og hillurekkar

~~20-25%~~

Öll blöndunartæki

~~25%~~

Öll búshöld

~~20-30%~~

Öll verkfæri

~~20-30%~~

Öll LADY málning

~~30%~~

Allt parket

~~25-50%~~

Allt að ~~50%~~ afsláttur

30%

A++

eta

Þvottavél

Kolalaus mótur, tekur 8 kg af þvotti, 1400 sn., með 15 þvottakerfum, þar á meðal íþrótta- og ofnæmis prógramm. 1853100

~~84.990~~kr
54.990kr



27%

HIKOKI

Borvél 18V

Tvær rafhlöður 2.0Ah, 20 skrúf- og borstillingar 13 mm patróna, Led ljós, taska. 5246776

~~25.995~~kr
18.995kr




50%

Græn vara

Harðparket

Colorado, eik, 8 mm, 4V. 147124

~~5.950~~kr/m²
2.975kr/m²



25%

SAFETY JOGGER

SAFETY SHOES

Öryggisskór

Upphár S3, svartir, stærð: 39-48, 5859947-5859952, 5863034-5863037

~~9.550~~kr
7.163kr



175 kg

HVER HILLA

20%

AVASCO

Hillurekki

Stærð: 180x90x45 cm, 5 hillur, hver hilla ber 175 kg. 5803673

~~9.355~~kr
7.484kr



30%

orthex™

Plastbox

44 ltr., ytra mál: 58x39x30 cm. Innra mál: 46,6x26,6x 27,1 cm. 2007616

~~3.115~~kr
2.181kr



Skoðaðu útsölublaðið





Ákærðu bæði neituðu og játuðu sök.

Hryðjuverkamál þingfest í gærðag

jonthor@frettabladid.is

DÓMSMÁL Mennirnir sem grunaðir eru í hryðjuverkamálinu, Ísídór Nat-hansson og Sindri Snær Birgisson, neituðu að hafa skipulagt hryðjuverk við þingfestingu málsins í gær.

Þeir játuðu og neituðu ýmist öðrum ákæruálitum sem varða vopnalagabrot og þá játaði annar þeirra fíkniefnalagabrot.

Dómari hefur til athugunar að vísa þeim ákærum sem varða hryðjuverk frá dómi. Sveinn Andri Sveinsson hefur gagnrýnt að meint hryðjuverk séu ótilgreind í ákæru.

Annar maðurinn er ákærður fyrir tilraun til hryðjuverka og hinn fyrir hlutdeild í þeim. „Það var verið að taka afstöðu til ákærunnar en að öðru leyti ákvað dómari að hafa frumkvæði að því hvort það væri eitthvað í ákærunni sem varðar frá-vísun,“ sagði Sveinn Andri.

Spurður hvort umbjóðandi hans aðhyllist öfgastefnur segir Sveinn Andri hann alls ekki aðhyllast neitt slíkt. ■

Kókaínmálið stóra fyrir dóm

helenaros@frettabladid.is

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í stærsta kókaínmáli Íslandssögunnar fer fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Sakborningar málsins eru fjórir en þeir eru ákærðir fyrir innflutning á tæpum hundrad kilóum af kókaíni auk peningþvættis upp á samtals tæpar 63 milljónir króna.

Lögreglan handtók mennina í ágúst í fyrra og fór þingfesting málsins fram í nóvember síðastliðnum. Þar neituðu fjórmennirnir ýmist sök í málinu eða neituðu að taka afstöðu til þess.

Saksóknari krafðist þess að mennirnir fengju ekki að vera við-staddir skýrslutöku hver annars við aðalmeðferðina í dag en þeirri kröfu var hafnað. ■

Ræddu leiðir til að bæta vetrarþjónustuna

benediktarnar@frettabladid.is

SAMGÖNGUR „Lokanir eru til gagns, ef þeim er beitt rétt,“ sagði Harald Teitsson, formaður Félags hópferðaleyfishafa og hópbifreiðanefndar Samtaka ferðaþjónustunnar, á fundi Vegagerðarinnar í gær þar sem fyrirkomulag vetrarþjónustu og starfsemi vaktstöðva Vegagerðarinnar voru til umfjöllunar.

Þennan vetur hafa fjölmargar vegalokanir hamlað starfsemi ferðaþjónustunnar hér á landi. Vega-

gerðin hélt því fund ásamt aðilum frá ferðaþjónustunni. Á fundinum voru ræddar leiðir til þess að bæta vetrarþjónustuna. Harald sagði á fundinum að aðalmálið væri að mokstri yrði haldið áfram og að það væri lágmarkstími sem vegir væru lokaðir. „Við þolum alveg nokkurra klukkutíma stopp, ekkert vandamál. Við getum sniðið okkar ferðir að því. En ef þetta er orðin langtímalokun þá er þetta orðið erfiðara.“

Harald segir að Vegagerðin vinni gott starf, en að upplýsingar komi



Á fundi Vegagerðarinnar í gær voru ræddar leiðir til að bæta vetrarþjónustuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

stundum of seint. Hann segir að í upphafi dags sé nauðsynlegt að fá upplýsingar um lokanir vega. Að sögn Haralds þarf að horfa til framtíðar þegar kemur að vetrarþjónustunni.

„Við þekkjum alveg vond veður. Vandamálin eru að það er breytt ferðamynstur og vegamannvirki. Við erum að gera þessa finu vegi með vegriðum og fullt af hringtorgum, en við gleymum kannski að hugsa: Æ, æ, það kemur stundum snjór,“ segir Harald. ■

Bein gætu brotnað og ár rutt sig

Veðurstofa Íslands býst við asahláku á öllu landinu, vatnselg og mikilli hálfu. Bráðamóttakan býst við slysum vegna þess.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VEÐUR Veðurstofa Íslands býst við miklum vatnselg og slæmri færð fyrir bíla og vegfarendur vegna hálfu á föstudag og inn í helgina. Þá býst bráðamóttaka Landspítalans við hálfkuslysum en hún er illa mönnuð til að sinna þeim.

Eftir óvenju langan frostakafli er mikill viðsnúningur í kortunum og hlý sunnanátt á leiðinni. Hún ber með sér talsverða rigningu sunnan- og vestanlands, með hitatölum frá 5 upp í 9 stig samkvæmt spá Veðurstofunnar. Norðan- og austanlands má búast við sunnan-hnúkaþey og hitinn gæti farið í 10 gráður eða rúmlega það þar sem vindurinn nær að blanda hlýja loftinu niður á jörð.

„Það er spáð asahláku á öllu landinu og afleiðingarnar af því eru flughálfu,“ segir Teitur Arason veðurfræðingur. „Það verður hált og mjög erfið færð út af blautum klaka.“

Teitur segir að búast megi við miklum vatnselg. Fólk þurfi því að huga að því að vatn komist leiðar sinnar í niðurföll, bæði rigningarvatn og vatn sem fellur til þegar snjórinn bráðnar. En þrátt fyrir að sveitarfélög vinni hörðum höndum að því að fjarlægja snjó er enn þá mikið magn snjós og klaka í þéttbýlinu.

Til sveita er líka önnur hætta sem skapast, af flóðum. „Nokkuð víða á landinu eru ár í klakaböndum. Það er möguleiki á að þær ryðji sig og þá verða staðbundin flóð þar sem þær mynda klakastíflur og flæða yfir bakka,“ segir Teitur. Af þessu



Það verður ekki auðvelt að fóta sig í blautri hálfkunnni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Það má búast við að þetta veður valdi áhrifum.



Teitur Arason, veðurfræðingur

getur orðið tjón. „Það má búast við að þetta veður valdi áhrifum. Óljóst er þó hvernig þetta verður,“ segir hann. Gul viðvörðun hefur verið gefin út vegna hvassviðris sunnan- og vestanlands á föstudagsmorgun. Asahlákuviðvörðun er á öllu landinu eftir það, en hún er sjaldan gefin út.

Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi almannavarna, segir að vel sé fylgst með stöðunni í samstarfi við Veðurstofuna. Upplýsingagjöf sé mikilvæg, einkum vegna hættunnar á flóðum. „Enginn veit hvar það gerist. Það er vandamálið,“ segir Hjördís.

Bráðamóttaka Landspítalans býst líka við erli um helgina vegna hálfu.

„Við höfum séð þessa veðurspá og höfum áhyggjur af því að margir detti og slasi sig í hálfkunnni,“ segir Hjalti Már Björnsson yfirlæknir. Mönnunin er hins vegar dræm eins og fjallað hefur verið um í fjölmiðlum. „Við hefðum viljað vera betur undirbúin en að sjálfsögðu tókum við á móti öllum eins og hægt er,“ segir Hjalti.

Í mikilli hálfu kemur talsvert af fólki með beinbrot, oft á úlnið eða fæti. Einnig er talsvert um höfuðáverka. „Sumt getur verið alvarlegt,“ segir Hjalti. Hvetur hann alla til að nota mannbrodda og fara sérstaklega varlega í hálfkunnni sem framundan er. ■

Finnur þú PLAY á flugi í Fréttablaðinu?

Fréttablaðið og PLAY ætla að bjóða heppnum lesanda Fréttablaðsins **100.000 króna** gjafabréf frá PLAY í hverri viku fram að 11. febrúar.



Skannaðu mig

Til að taka þátt í leiknum þarft þú að

- 1) Finna PLAY flugvélina á flugi í Fréttablaðinu.
- 2) Segja okkur á hvaða blaðsíðu þú fannst PLAY flugvélina og skrá það á

www.frettabladid.is/lifd/playleikur



TILBOÐ

Á NOTUÐUM BÍLUM

Nýir notaðir bílar sem eru ástandsskoðaðir fyrir veturinn

Afsláttur
500.000 kr.



Rnr. 380765

NISSAN Qashqai Tekna 2wd

Nýskr. 03/18, ekinn 125 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

Verð: 2.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ:
2.490.000 kr.

Afsláttur
400.000 kr.



Rnr. 410335

TOYOTA Corolla Wagon Hybrid

Nýskr. 11/21, ekinn 12 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

Verð: 5.290.000 kr.

TILBOÐSVERÐ:
4.890.000 kr.

Afsláttur
700.000 kr.



Rnr. 410341

JEEP Compass Trailhawk PHEV

Nýskr. 12/20, ekinn 42 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 6.190.000 kr.

TILBOÐSVERÐ:
5.490.000 kr.

Afsláttur
600.000 kr.



Rnr. 149591

MMC Outlander Instyle PHEV

Nýskr. 12/20, ekinn 27 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 5.890.000 kr.

TILBOÐSVERÐ:
5.290.000 kr.

Afsláttur
500.000 kr.



Rnr. 131599

SUZUKI Across GLX PHEV

Nýskr. 12/20, ekinn 50 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 6.890.000 kr.

TILBOÐSVERÐ:
6.390.000 kr.

Afsláttur
400.000 kr.



Rnr. 149524

RENAULT Megane Zen Sport Tourer

Nýskr. 07/21, ekinn 48 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

Verð: 4.290.000 kr.

TILBOÐSVERÐ:
3.890.000 kr.

Afsláttur
400.000 kr.



Rnr. 149481


SUBARU Outback Premium Eyesight

Nýskr. 02/21, ekinn 61 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

Verð: 6.190.000 kr.

TILBOÐSVERÐ:
5.790.000 kr.

Afsláttur
600.000 kr.



Rnr. 149482

HONDA CRV Lifestyle Hybrid

Nýskr. 06/21, ekinn 66 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 6.290.000 kr.

TILBOÐSVERÐ:
5.690.000 kr.

Afsláttur
400.000 kr.



Rnr. 149432

RENAULT Kadjar Bose 2wd

Nýskr. 04/20, ekinn 38 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

Verð: 4.590.000 kr.

TILBOÐSVERÐ:
4.190.000 kr.

Afsláttur
400.000 kr.



Rnr. 149326

RENAULT Captur Intens PHEV

Nýskr. 12/20, ekinn 27 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 4.690.000 kr.

TILBOÐSVERÐ:
4.290.000 kr.

Afsláttur
500.000 kr.



Rnr. 333880

LAND ROVER Discovery Sport

Nýskr. 04/19, ekinn 94 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

Verð: 5.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ:
5.490.000 kr.

Afsláttur
500.000 kr.



Rnr. 148603

NISSAN Juke N-Connecta 2wd

Nýskr. 02/20, ekinn 55 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

Verð: 3.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ:
3.490.000 kr.

OPNUNARTÍMI:
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18,
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland og Hyundai notaðir
K7 - Krókhálsi 7, 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bilaland

www.facebook.com/bilaland.is

Keldnaholt byggt í anda Vankúver og Vínar

ser@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Forkólfar Reykjavíkur borgar hafa skipað dómnefnd í opinni alþjóðlegri samkeppni um þróun Keldnaland, sem Reykjavíkurborg og Betri samgöngur standa í sameiningu að, en undirbúningur að uppbyggingu svæðisins hefur staðið yfir frá 2021.

Samkvæmt tilkynningu frá borginni eru þau Brent Toderian og Maria Vassilakou á meðal dómnefndarmanna, en þau hafi sett sitt mark á Vankúver og Vínarborg, sem séu iðulega tilnefndar í hópi lífvænlegustu borga í heimi.

„Þetta er bara mjög spennandi,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og formaður dómnefndarinnar, en fengur sé að því að fá þekktu og öflugra sérfræðinga í dómnefndina sem munu auka áhuga á samkeppninni. „Hugsunin er að byggja nýtt borgarhverfi í samræmi við grænar áherslur framtíðarinnar,“ bætir hann við.

Samkeppnin um þróun Keldnahlots er ein sú stærsta sem ráðist hefur verið í hér á landi en með henni er verið að fara nýjar leiðir við að þróa byggð í borginni, eins og segir í tilkynningu borgaryfirvalda.

„Í stað þess að kalla eftir hönnun- arlausnum sem sýna ítarlegt heildarskipulag fyrir allt svæðið, þar sem allt er leitt til lykta, er leitast við að fá fram ramma um megin innviði, svo sem Borgarlínu og græn svæði og raunhæfa áætlun um þróun og

”

Þetta er bara mjög spennandi.



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

uppbyggingu svæðisins og Lykilhönnunarviðmiði,“ segir þar.

Lögð sé áhersla á að uppbygging svæðisins byggi á skynsamlegri áfangaskiptingu og fjölbreytni byggðarinnar verði tryggð með fjölmörgum smærri skipulagsreitum. Markmiðið sé þannig að deiliskipuleggja og byggja þetta stóra hverfi í mörgum smærri áföngum.

Auk Dags, Brents og Mariu eru í dómnefndinni Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi, Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri skipulagssviðs, og Davíð Þorláksson, Guðrún Ögmundsdóttir og Þorsteinn R. Hermannsson hjá Betri samgöngum. ■



Þörfin er mikil í beinum og afleiddum störfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fiskeldið geti tífaldast á næstu árum

ser@frettabladid.is

FISKELDI Sérfræðingar á vegum Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS, telja að fiskeldi hér á landi, jafnt í sjókvíum og inn til lands, geti tífaldast á næstu árum – og ársframléiðslan fari úr tæplega fimm-tíu þúsund tonnnum í yfir fimmhundruð þúsund tonn.

Samtökin birtu spá sína um þetta efni í gærðag – og af henni má ráða að umskipti séu að verða í fiskvinnslu hér á landi sem um langa hríð hefur einkum og sér í lagi verið háð veidum á hafi úti.

„En það verður auðvitað að gerast í sátt við samfélagið og náttúruna,“ segir Sigurgeir Bárðarson, lögfræðingur hjá SFS, „og þar kemur til góða,“ bætir hann við, „að við erum heldur á eftir í þessari uppbyggingu miðað við Norðmenn og Færeyinga og getum því lært af mistökum þeirra.“

Hann segir áskoranirnar í þessu efni vera miklar. „Vaxtarmöguleikarnir eru gríðarlegir,“ segir Sigurgeir og bendir jafnframt á að það eigi ekki bara við um verðmætasköpun-

”

Vaxtarmöguleikarnir eru gríðarlegir.



Sigurgeir Bárðarson, lögfræðingur hjá SFS

ina, því mannaflsþörfin er mikil og talin jafnt í beinum og afleiddum störfum um allt land.

„Þar eru enn einar áskoranirnar komnar,“ segir Sigurgeir. „Og þar þarf menntakerfið að taka við sér svo nægt framboð verði af sérhæfðu fagfólki í uppbyggingunni á næstu árum.“ ■



Murtan er að hverfa og bleikjan er að gefa eftir í Þingvallavatni. Loftslagsbreytingar eru líklegur áhrifavaldur.

MYND/ADSEND

Bleikjan í Þingvallavatni á mjög undir högg að sækja

Bleikjustofnar í Þingvallavatni eru í umtalsvert verra ástandi en á níunda áratugnum. Ástæðan er hlýnun vatnsins vegna loftslagsbreytinga og ekkert virðist til bjargar.

gar@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Finnur Ingimarsson, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs, segir sláandi mun á ástandi bleikjustofna í Þingvallavatni miðað við það sem var um miðjan níunda áratug síðustu aldar.

Finnur gekk á fund Þingvallanefndar fyrr í vetur og kynnti þar niðurstöður vöktunar á Þingvallavatni. Þar kom fram að hrún væri í viðkomu murtu og vísbendingar um að bleikjan sé að gefa eftir.

„Á flestum stöðum er bleikjan að gefa töluvert eftir – miðað við veiði sem fór fram 1984. Þá var veitt á þremur stöðum í vatninu; við Miðfell, við Lambhaga sem er vestan til og svo norður á Bjarnarmöl sem er undan Þjóðgarðinum,“ segir Finnur um stöðuna við Fréttablaðið.

„Þegar bornar eru saman veiðitölur og hlutfall er svolítið sláandi

”

Á öllum stöðum er bleikjuni að hraka.



Finnur Ingimarsson, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs

munur á milli þessara tíma þar sem bleikja hefur á flestum sviðum gefið eftir á meðan urriði hefur vaxið töluvert,“ segir Finnur.

Að sögn Finns er bleikjan aðlöguð kulda. Hlýnun Þingvallavatns vegna loftslagsbreytinga sé að öllum lík-

indum þáttur í hnignun bleikjunnar í Þingvallavatni. „Og það er náttúrulega erfitt að bregðast við því, kerfið er svo tregt,“ segir hann spurður hvort eitthvað sé til ráða svo snúa megi þróuninni við.

Náttúrufræðistofa Kópavogs hefur frá árinu 2007 vaktað svifvistina í Þingvallavatni. Murtan í vatninu, sem lifir á svifi, hefur orðið fyrir miklum skakkaföllum, sérstaklega á síðustu tveimur eða þremur árum að sögn Finns.

Fyrir Þingvallanefnd kynnti Finnur áform um aukna vöktun á vatninu og lýsti nefndin áhuga á að koma að því verkefni. „Við viljum efla vöktunina til að fá betri sýn á hvað er að gerast,“ segir hann.

Þessi þróun er ekki bundin við Þingvallavatn heldur virðist dæmigerð fyrir Ísland og aðra staði á norðurslóðum. Finnur bendir á gögn frá Íslandi og Noregi sem fram koma í nýrri skýrslu sem byggir á rannsókn sem nær yfir tuttugu ára tímabil og tekur til bleikju í Noregi og á Ísland. Einn höfunda hennar er Guðni Guðbergsson hjá Hafrannsóknastofnun. „Á öllum stöðum er bleikjuni að hraka,“ segir Finnur. ■

Pjetur Maack segir peningagræðgi að drepa bleikjuna í Þingvallavatni

gar@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL „Þingvallavatn er eitt mesta náttúruundur sem við eigum á Íslandi og peningagræðgi er að eyðileggja þetta alveg big time,“ segir Pjetur Maack silungsveiðimaður.

„Á veiðislóð hjá mér hefur bleikjan bara ekki sést í tvö sumur. Þetta er bara hræðilegt,“ segir Pjetur sem á gamlan ættarbústað í landi Miðfells við austanvert Þingvallavatn og hefur stundað þar silungsveiði á stöng óslitið í hartnær fjóra áratugi.

Pjetur segir skýringuna á veikri stöðu bleikjunnar felast í hinu fornkeðna; að peningarnir ráði, „money is king“, eins og hann orðar það.

„Við Þingvallavatn núna eru tvö efi ekki þrjú félög sem eru að selja veiðileyfi í urriða. Það er skylda að sleppa öllum urriða og urriðahrygna sem hrygnir annað hvert ár étur þyngd sína á þremur til fjórum dögum það

”

Á veiðislóð hjá mér hefur bleikjan bara ekki sést í tvö sumur. Þetta er bara hræðilegt.

Pjetur Maack, silungsveiðimaður



Pjetur Maack á góðum veiðidegi í landi Miðfells við Þingvallavatn.

MYND/ADSEND

ár sem hún hrygnir,“ bendir Pjetur á.

„Við það að sleppa öllum urriða þarf hann að éta og hann étur allt. Bændur nenna ekki að setja niður net lengur fyrir bleikju því urriðinn ræðst á hana í netinu og rífur allt og tætir því hann er svo svangur,“ útskýrir Pjetur og segir einnig að þar sem urriðinn sé svo svangur taki hann agn veiðimanna í stórum stíl og út spyrjist að veiðivonin sé svo góð. „Þannig að þetta bitur í rassinn á sjálfu sér.“ ■



NÆRANDI HREYFING Í 25 ÁR

hreyfng.is

HREYFING SPA



Það fara víða fram mótmæli vegna stjórnhátta í Íran þessa dagana.

Fékk korter til að verjast refsingu

helgisteinar@frettabladid.is

ÍRAN Fjórir ungir karlmenn hafa verið teknir af lífi í tengslum við mótmæli sem brutust út í Íran fyrir fjórum mánuðum. Þar að auki hafa 18 aðrir fengið dauðarefsingu í því sem mannréttindasamtök hafa kallað sýndarréttarhöld.

Mohammad Mehdi Karami, 22 ára gamall karateameistari, var hengdur þann 7. janúar. Samkvæmt heimildum frá BBC Persian fékk hann aðeins tæpar fimmtán mínútur til að verja sig fyrir dómara.

Mótmælin hófust í september í fyrra eftir að 22 ára gömul kona að nafni Mahsa Amini var handtekin fyrir að hylja hár sitt ekki nægilega vel og lést svo í haldi írönsku siðgæðislögreglunnar.

Samkvæmt norsku mannréttindasamtökunum Iran Human Rights létust rúmlega 480 mótmælendur í átökum við lögregluna.

Mohammed var úthlutað lögfræðingi af írönskum yfirvöldum og var dæmdur fyrir að hafa „spilt mannkyninu“ með mótmælum sínum. Samkvæmt dagblaðinu Etemad hringdi Mohammed grátandi í föður sinn eftir að hafa verið dæmdur. ■

Hafna hjónabandi samkynhneigðra

kristinnpall@frettabladid.is

ENGLAND Kirkjan á Englandi samþykkti í gær ályktun um að hjónaband samkynhneigðra yrði ekki leyft innan veggja kirkjunnar. Biskuparnir sem tóku ákvörðunina héldu því fram að brúðkaup ætti að vera milli karls og konu.

Með því lýkur fimm ára ádeilu innan kirkjunnar á Englandi en þegar bresk stjórnvöld samþykktu að lögleiða hjónaband samkynhneigðra tók kirkjan ekki í sama streng.

Kirkjan sagðist þó vera tilbúin að leggja blessun sína yfir sambönd samkynhneigðra. ■

Tesla-æði í Danmörku í kjölfar verðlækkana

benediktarnar@frettabladid.is

BÍLAR Um þessar mundir er sannað Tesla-æði í Danmörku, í kjölfar þess að rafbílaframleiðandinn tilkynnti miklar verðlækkningar á heimsvísu.

Samkvæmt dönskum miðlum er áætlað að verðið á vinsælustu bílum Tesla hafi lækkað um tuttugu til þrjátíu prósent. Meðfram því lækkuðu einnig verðin á notuðum Tesla-bifreiðum og hefur það valdið uppþoti á markaðnum.

Verðið á notuðum Tesla-bifreiðum hefur lækkað um allt að 70 þúsund danskar krónur, eða rétt rúmlega 1,5 milljónir íslenskra króna. Um helgina voru seld um 200 ein-

tök af rafbílanum vinsælu, en aldrei hafa fleiri selst á svo skömmum tíma.

Einar Skúli Skúlason, eigandi Íslandsbíla, segir að verðið á notuðum Tesla-bifreiðum hér á landi hafi lækkað um tæpa milljón króna.

„Þessi lækkan kom á óvart. Við vorum með einn bíl sem var nánast nýr sem við lækkuðum í verði til að samsvara verðlækkunum Tesla,“ segir Einar.

Hann segir að með verðlækkunum munu margir líklega leita í að fjárfesta í Tesla.

„Það er gott að bílar lækki í verði, en á sama tíma er margt að hækka í sambærilegum flokki,“ segir Einar. ■



Tesla tilkynnti um verðlækkningar á heimsvísu í síðustu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fljúgandi skotpallur fyrir geimferðir


Niunda tilraunaflug stærstu flugvélar heims, Stratolaunch Roc, gekk eins og í sögu í Kaliforníuríki á dögunum. Vonir standa til að vélin auðveldi almenningi að komast í geimferðir í nánustu framtíð, meðal annars með því að lækka verðið á geimferðum.

kristinnpall@frettabladid.is

VÍSINDI Vélín sem ber heitið Roc fór í sitt níunda flug frá upphafi í gær og það annað með geimferju innanborðs þegar tilraunaflug stóð yfir í rúma sex tíma í Mojave-eyðimörkinni í Kaliforníu. Í samfloti var geimfarið Talon en með því færðist Stratolaunch nær því að hefja tilraunir með að skjóta Talon úr vélinni. Vonir standa til þess að fyrstu tilraunir til að hefja Talon til flugs eigi sér stað síðar á þessu ári. Roc fór alla leiðina upp í 22.500 feta hæð og fór í fyrsta sinn út fyrir flugumferðarsvæði Mojave-eyðimerkurinnar.

Vélín er nefnd eftir gríðarstórum goðsagnakenndum fugli sem var sagður vera svo stór að hann gat borið fullvaxna fila undir væng er hann flaug og er hún hönnuð til að bera og virka sem fljúgandi skotpallur fyrir geimskip. Hún er búin tveimur mismunandi skrokkum og verða flugstjórinn og varaflugstjórinn staðsettir fremst í hægri skrokk vélarinnar og fluggangakerfið verður í þeim vinstri.

Vængir vélarinnar, sem eru 117 metrar eða tæplega jafnlangir og hefðbundinn knattspyrnuvöllur, eru staðsettir efst á vélinni, sem mun hjálpa við að tryggja öryggi þegar geimskipum er „sleppt“ og þeim skotið út í geim frá miðhluta vélarinnar. Vonir standa til að vélín eigi eftir að lækka kostnað við geimferðir og auðvelda þar með almenningi aðgang að slíkum ferðum í framtíðinni.



Íslandsvinurinn Paul Allen stofnaði Strato-launch árið 2011.



Flugtak krefst 3,7 kílómetra flugbrautar.



Þökk sé starfsfólki okkar þá færumst við nær því að ná öruggri losun og fyrsta háhljóðsfluginu.

Zachary Krevor, framkvæmdastjóri Stratolaunch

Verkefnið hefur staðið yfir í tólf ár og kom Íslandsvinurinn Paul Allen, einn stofnenda Microsoft, að því ásamt flughönnuðinum Burt Rutan en þeir voru að baki SpaceShipOne, fyrsta einkarekna geimfarinu árið 2004. Áhersla var lögð á að hanna Roc-flugvélina, geimfar og öruggt skiptikerfi en þegar Allen lést árið 2018 var Roc það eina sem var tilbúið.

„Hið ótrúlega teymi okkar heldur áfram að vinna í því að feta næstu skref í þessari áætlun okkar. Þökk sé starfsfólki okkar þá færumst við nær því að ná öruggri losun og fyrsta hljóðfráa fluginu (e. hypersonic flight). Við þurfum að rannsaka betur forsendur þess að sleppa vélinni í framtíðartilraunum,“ sagði framkvæmdastjóri Stratolaunch, Zachary Krevor, í yfirlýsingu eftir tilraunirnar og segist spenntur að kynna fyrir almenningi hvernig næstu skref ganga.

„Við erum spennt fyrir framhaldinu og vonumst til að geta sýnt almenningi frá tilraunum okkar á næstunni.“ ■

Mótvægisáðgerðir þurfi til að draga úr áhrifum ganganna

kristinnpall@frettabladid.is

MÚLAPING Í skýrslu Skipulagsstofnunar um áhrif Fjarðarheiðarganga kemur fram að afnám vetrareinangrunar á Seyðisfirði eigi eftir að hafa verulega jákvæð áhrif á samfélagið en að nokkuð sé um hættulegar breytur sem þurfi að huga að áður en framkvæmdir hefjist.

Samdæmi um slíkt bendir Skipulagsstofnun á að á framkvæmdatíma sé ákveðin hætta á því að mengunarefni berist frá framkvæmdasvæðinu og spilli vatnsbólí Seyðisfjarðar. Því þurfi að tryggja Seyðisfirðingum greiðan aðgang að

hreinu neysluvatni áður en ráðist yrði í framkvæmdirnar.

Fjarðarheiðargöng hafa verið í umræðunni í langan tíma en vonir standa til að framkvæmdir hefjist á næstu árum.

Áætlað er að fyrsti fasi verkefnisins, Fjarðarheiðargöngin, kosti um 44 milljarða króna en göngin til Mjóafjarðar og Norðfjarðar kosti samanlagt um tuttugu milljarða.

Í skýrslu Skipulagsstofnunar kemur fram að hætt sé við að aðalvalkostur Vegagerðarinnar afþremur, suðurleiðin, eigi eftir að hafa verulega neikvæð áhrif á gróðurfar. Í því samhengi nefnir Skipulags-



Göngin eiga að stórbæta samgöngur fyrir Seyðisfirðinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

stofnun að önnur leið, miðleiðin hefði minnstu umhverfisáhrifin.

Þá telur Skipulagsstofnun að lagfæring á núverandi vegi um Seyðisfjörð hefði minni umhverfisáhrif en lagning nýrrar veglínu sem eigi að liggja meðal annars um golfvöll Seyðisfirðinga

Áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út telur Skipulagsstofnun að leggja þurfi fram mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum vegagerðarinnar. Þá verði að framkvæma fornlifaranssök á endanlegu áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og bera niðurstöðurnar undir Minjastofnun Íslands. ■

NJÓTUM
SAMAN
MEÐ *Coca-Cola*



Coca-Cola er stoltur stuðningsaðili Handknattleikssambands Íslands

Alþjóðlegur gjaldmiðill fyrir græna orku



Helgi Steinar
Gunnlaugsson
helgisteinar
@frettabladid.is

Landsvirkjun hélt opinn fund í gær þar sem farið var yfir sölu og kaup upprunaábyrgða á endurnýjanlegri orku. Norskur ráðgjafi segir að Íslendingar þurfi að fylgja kröfum evrópskra neytenda og að sölukerfið sé jákvætt en þarfnist breytinga.

Lars Ragnar Solberg, norskur ráðgjafi hjá AFRY Consulting Management, segir kaup upprunaábyrgða á endurnýjanlegri orku ekki vera dæmi um grænþvott. Hann viðurkennir að kerfið sé flókið en telur að sameiginlegt sölukerfi þurfi að vera við lýði á Evrópumarkaðnum.

Lars var einn þeirra ræðumanna sem héldu erindi á opnum fundi Landsvirkjunar um upprunaábyrgðir á Reykjavík Hilton Nordica í gær.

Ný reglugerð tók gildi um áramót og þurfa íslenskir raforkusalar nú að greiða orkuframleiðendum fyrir upprunavottorð vilji þeir markaðssetja orku sína sem græna. Vottorðin, sem fylgdu áður ókeypis með til raforkusala, verða þess í stað seld á evrópskum markaði.

Hann segir umræðuna um upprunaábyrgðir vera mjög svipaða í Noregi og á Íslandi. Báðar þjóðir noti nær eingöngu endurnýjanlega orku, eru báðar tengdar Evrópumarkaði án þess að vera meðlimir í Evrópusambandinu og innlimuðu einnig sölukerfi upprunaábyrgða á svipuðum tíma.

„Íslendingar hefðu aldrei fundið upp á þessu kerfi til að byrja með þar sem þið notið nú þegar 100 prósent endurnýjanlega orku. Hins vegar eruð þið hluti af stærri markaði og þó svo að þið séuð ekki að flytja út orkuna ykkar þá eruð þið að flytja út vörur og þjónustu. Með það í huga þurfið þið að fylgja þeim kröfum sem evrópskir neytendur setja.“

Hann segir núverandi orkukrísu sem Evrópubúar standa frammi fyrir hafa haft eitt jákvætt í för með sér, hún hafi skapað mun meiri vitundarvakningu meðal íbúa um orkuna sem þeir nota og hvaðan



Íslendingar hefðu aldrei fundið upp á þessu kerfi til að byrja með.

Lars Ragnar Solberg, ráðgjafi hjá AFRY Consulting Management

hún kemur. Mörg fyrirtæki í Evrópu setja nú miklar kröfur um notkun á endurnýjanlegri orku og hafa Norðmenn meðal annars selt 70 prósent af upprunaábyrgðum sínum til evrópskra fyrirtækja.

Lars segir aftur á móti að kerfið sé ekki fullkomið og myndi hann gjarnan vilja sjá meira gegnsæi þegar kemur að sölu upprunaábyrgða. Hann lítur á upprunaábyrgð sem alþjóðlegan gjaldmiðil þegar kemur að grænni orku og þvertækur fyrir að um grænþvott sé að ræða.

Hann segir að evrópsk fyrirtæki sem kaupa ekki vottun og fylgja ekki evrópskum stöðlum geti ekki haldið því fram að þau séu að styðja við græna orku. Ef þýskt fyrirtæki

myndi til dæmis kaupa íslenska upprunaábyrgð þá væri það dæmi um góða ákvörðun frekar en slæma.

„Þetta er heldur ekki eina tólið sem við höfum þegar kemur að breytingum tengdum umhverfismálum. Hins vegar ef þú fjarlægir þetta kerfi í Evrópu þá ert þú líka að fjarlægja tækifæri stórra fyrirtækja til að sanna jákvæðu áhrifin sem þau hafa með kaupum á rafmagni,“ segir Lars.

Hann bætir við að stærstu fyrirtækin sem taka þátt í þessu kerfi segist einnig fjárfesta í endurnýjanlegri orku á öðrum sviðum og vilji sýna fram á aukna skilvirkni. Aftur á móti þurfa þau á þessu bókhaldskerfi að halda til að geta sannað þær fullyrðingar. ■

Lars Ragnar Solberg segir umræðuna um upprunaábyrgðir vera mjög svipaða í Noregi og á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Búist er við að Englandsbanki hækki vexti í fjögur prósent í byrjun febrúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Dregur úr verðbólgu í Bretlandi

olafur@frettabladid.is

Annan mánuðinn í röð dró úr verðbólgu í Bretlandi í desember, eftir að verðbólga náði mestu hæðum í 41 ár í október. Hagfræðingar búast þó ekki við að þetta verði til þess að draga úr þrýstingi á Englandsbanka um að hækka vexti.

Tölf mánaða verðbólga mældist 10,5 prósent í desember, samkvæmt bresku hagstofunni, lækkadi úr 10,7 prósentum í nóvember, en í október var verðbólgan 11,1 prósent og hafði ekki verið meiri frá árinu 1981.

Kjarnaverðbólgan, þegar verð á matvælum, eldsneyti, áfengi og tóbaki er undanskilið, var óbreytt

í 6,3 prósentum. Þetta er eilítið meira en spár hagfræðinga gerðu ráð fyrir, en búist var við lækkun í 6,2 prósent.

Financial Times greindi frá því að þrátt fyrir lækkunina sé bresk verðbólga meiri en víða annars staðar, meðal annars vegna mikils þrýstings vegna eldsneytisverðs. Matvælavæðing er mælist hins vegar 16,9 prósent, sem er það mesta síðan sérstakar mælingar hófust árið 1977.

Frá því í nóvember 2021 hefur Englandsbanki hækkað stýrivexti sína úr 0,1 prósent í 3,5 prósent og búist er við að þeir hækki enn um 0,5 prósent í byrjun febrúar. ■

Fjöldi hlutdeildarlána dregst saman

olafur@frettabladid.is

Fjöldi umsókna um hlutdeildarlán í fyrra var innan við fjórðungur fjöldans árið 2021 og helmingi færri en 2020, en þá var opnað í fyrsta skipti fyrir slíkar umsóknir í nóvember.

Samtals hefur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun tekið á móti 1.086 umsóknum síðan opnað var fyrir umsóknum um hlutdeildarlán í nóvember 2020 en fjöldi umsókna í fyrra var 146 og voru 67 þeirra samþykktar.

Hlutdeildarlán eru ætluð til að bæta stöðu ungra og tekjulágra á húsnæðismarkaði. Þeim er ætlað að hjálpa fyrstu kaupendum undir ákveðnum tekjumörkum að brúa bilið við fasteignakaup, en lánað er fyrir allt að 30 prósentum fyrir útborgun. Lántaki þarf að reida fram að minnsta kosti fimm prósent kaupverðs sjálfur.

Samtals hafa verið keyptar 452 fasteignir með aðstoð hlutdeildarlána og nemur verðmæti þessara eigna tæplega 18 milljörðum. Fjárhæð hlutdeildarlána nemur 3,7 milljörðum. Af þessum tölum má sjá að meðalverð eigna sem keyptar hafa verið með aðstoð hlutdeildarlána er um 39,8 milljónir og meðalhlutdeildarlánið nemur 8,2 milljónum.

Ljóst er að mjög fáar eignir á höfuðborgarsvæðinu falla í þennan



Svo virðist sem nokkur hluti hlutdeildarlána sé vegna eigna á Selfossi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Samtals hafa verið keyptar 452 fasteignir með aðstoð hlutdeildarlána.

verðflokk. Nú þegar hafa tólf hlutdeildarlán verið endurgreidd að fullu. Þar af eru fimm þeirra vegna eigna á Selfossi, tveggja á höfuðborgarsvæðinu og tveggja á Akureyri. Heildaruppgreiðslufjárhæðin er 27 milljónum hærri en upphafleg lánsfjárhæð. Að meðaltali hafa eignir hækkað um 32 prósent frá því að viðskiptavinur kaupir þar til hann greiðir upp lánið. ■

Verið velkomin í skýið hjá dk

Eitt vinsælasta bókhalds- og sölukerfið

Bókhald í áskrift hefur aldrei verið einfaldara og þægilegra en með dk viðskipta-hugbúnaði. Með dk færðu betri yfirsýn og getur tekið upplýstar ákvarðanir byggðar á rauntímagögnum. Yfir 7.000 fyrirtæki nýta sér þjónustu dk hugbúnaðar í dag. Það gerir dk að einu stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Lítil sem stór fyrirtæki eru með bókhaldið í skýinu hjá dk og nýta sér þannig fjölbreytta þjónustu þess í hugbúnaðar- og hýsingarlausnum. Bókhaldskerfi, birgðakerfi, innkaupakerfi, sölukerfi, sjálfsafgreiðsla, rafrænar lausnir ásamt tengingum við banka og opinbera aðila hérlandis. Hafið samband við okkur og fáid kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir ykkar fyrirtæki.



hugbúnaður

dk hugbúnaður 25 ára | 1998-2023



dk hugbúnaður
Viðskiptalausnir í áskrift

5105800 | dk.is
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri

Verkin þegja



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það ríkir þverpólitísk samstaða um ríkisrekna yfirburði á fjölmiðlamarkaði á Íslandi. Og raunar gott betur. Það er sameiginleg stefna allra flokkanna á löggjafarsamkundu landsmanna að ausa enn frekara fé í ríkishítina í Efstaleti á meðan umdeildir styrkir til einkarekinna fjölmiðla eru lækk- aðir að mun.

Ef vitlaust var gefið, skal það verða enn þá vitlausara.

Einu gildir hvað þeir flokkar sem telja sig í orði vera á móti miklum ríkisrekstri setja á blað á landsfundum sínum. Engu skiptir hvað ráðherrar í málaflöknum segjast ætla að gera á næstu árum til að taka á mismuninum. Og akkúrat ekkert er að marka áhyggjur þeirra orðhvössu þingmanna, sem þó hafa talað hvað ákafast og af hvað mestri sannfæringu fyrir róttækum breytingum á þessu sviði.

Ekkert er gert. Verkin tala. Eða öllu heldur, verkin þegja. Þau steinþegja.

Á sama tíma og ríkið þenur sig sem aldrei fyrr á fjölmiðlamarkaði bita ríkjandi stjórnvöld höfuðið af skömminni með því að leyfa erlendum risamiðlum að leika hér lausum hala ofan í alla hina vitleysuna, án þess svo mikið sem að borga krónu til samfélagsins. Skattfrelsið er algert og notalegt. Skattaparadísir er eiginlega guðdómleg. Og hún er einmitt í boði sömu ráðamanna og sýna það endurtekið í verki að þeir vilja skekkja fjölmiðlamarkaðinn eins og frekast verður unnt, ríki og risum til sem mestra hagsbóta.

Meira að segja er svo komið að sjálft ríkissjónvarp landsmanna er farið að hrísta hausinn yfir þessu einbeitta aðgerðaleysi. Á dögnum vakti ríkismiðillinn einmitt athygli á því að enn er beðið aðgerða vegna milljarða króna sem fara skattlaust úr landi. Og í sömu umfjöllun var einmitt bent á endurtekinn orðavaðal stjórnmalamanna sem hafa árum saman talið það brýnt að koma sem fyrst á skattlagningu á auglýsingatekjur fyrirtækja eins og Facebook og Google.

Árum saman hefur það sumsé verið brýnt. Árum saman hefur það beinlínis verið nauðsynlegt að laga þetta, altsó að hlífa ekki ríkustu miðlum heims á Íslandi. Og það er líklega jafn brýnt og að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði. Og örugglega álíka brýnt og að draga úr æ meira umfangi ríkisins á fjölmiðlamarkaði með alls lags rásum og þjónustu af allra handa tagi sem væri leikur einn fyrir einkarekna miðla að sinna af kostgæfni.

Einmitt svo. Þetta er svo brýnt. Gott ef ekki afar brýnt.

En ekkert er gert. Og ekkert verður gert. ■



Ef vitlaust var gefið, skal það verða enn þá vitlausara.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

gar@frettabladid.is
jonthor@frettabladid.is

Aðgerð Lágpunktar

Starfsmenn Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa undirbúið sig af kappi undir langþráða hitabylgju sem veðurfræðingar segja að muni ríða yfir landið á morgun og á laugardag. Búið er við miklum vatnsaga þegar snjófjöllin bráðna sem þessir sömu starfsmenn hafa gætt eins og sjáldurs augna sinna frá því snjónum kyngdi niður einhvern tíma í fyrra og hafa síðan legið eins og frosnar tímasprengjur um borg og bí. Nú er í ofboði reynt að ryðja þessum útblástursgula gesti sem eitt sinn var jólasnjór frá svokölluðum lágpunktum svo þar myndist ekki stöðuvötn.

Of gamall fyrir mynd

Óvenjuleg uppákoma varð í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þegar hryðjuverkamálið svokallaða var þingfest. Þegar aðilarnir sem málið varðar komu sér inn í dómsalinn fylgdu þeim ljósmyndarar sem tóku nokkrar myndir af sakborningum málsins og lögmönnum þeirra. Annar lögmaðurinn tók eftir því að ljósmyndararnir smelltu ekki neinum af saksóknaranum í málinu og sagði því: „Það er óþarfi að taka myndir af þér, þú ert svo gamall.“ Saksóknaranum var brugðið, enda um það bil tíu árum yngri en lögmaðurinn. ■

Rafmagns- og aðgerðaleysi



Guðlaugur Þór Þórðarson
umhverfis-,
orku- og loftslags-
ráðherra

Bilun í yfirspennuvara í Suðurnesjalínu 1 olli því að 30 þúsund manna samfélag var rafmagnslaust í rúmlega tvo klukkutíma á mánudaginn var. Suðurnesjalína 1 er eina rafmagnslína sem leiðir á Suðurnesin en deilt hefur verið um lagningu Suðurnesjalínu 2 í tæpa tvo áratugi.

Það má öllum vera ljóst að ef Suðurnesjasvæðið væri með tvítengingu eða svokallaða hringtengingu, líkt og flest önnur svæði, þá hefði ekki slegið út á mánudaginn.

Það er eðlilegt að fólk hafi mismunandi skoðanir á lagningu Suðurnesjalínu 2. Það hafa allir rétt á sinni skoðun.

Kjarni máls er samt sá að önnur tenging inn á svæðið hefði komið í veg fyrir rafmagnsleysi.

Óháð því sem á undan er gengið þá ætti þetta tilvik að verða til þess að hlutadeigandi aðilar setjist niður og komist að niðurstöðu um málið. Við breytum ekki fortíðinni en það er algjör óþarfi að láta málið liggja í lausu lofti lengur. Við verðum að taka á raforku-öryggismálum af meiri festu en það.

Augljóst val

Við byggjum á sterkri framtíðarsýn og höfum gert undanfarna öld. Við viljum vera okkur sjálfum nógu orku. Okkur tókst það vegna þrautseigju þeirra sem á undan okkur gengu. Það hefur orðið til þess að þegar hörmungar skella á, líkt og stríðið í Úkraínu, þá finnum við ekki fyrir áhrifum þess á orkuverð líkt og aðrar þjóðir.

Nú ætlum við að ganga skrefinu lengra og skipta út allri notkun á jarðefnaeldsneyti fyrir hreina og sjálfbæra, íslenska græna orku. Það er til litils að ætla okkur þessa stóru hluti ef við getum ekki tryggt að við getum alltaf fengið orkuna.

Annað hvort þrætum við áfram um þessi mál og gleymum þeim fram að næstu bilun og tilheyrandi rafmagnsleysi eða þá að við ræðum okkur niður á lausnir og höfum kjark til þess að taka ákvarðanir. Mér finnst valið augljóst. ■



Það er til litils að ætla okkur þessa stóru hluti ef við getum ekki tryggt að við getum alltaf fengið orkuna.

MARINE COLLAGEN

Kollagen er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Kollagen er að finna í öllum liðum, liðamótum, vöðvum, sinum og beinum mannlíkamans.



Arctic Star Marine Collagen inniheldur íslensk sæbjúgu, kollagen úr þorskröð og C vítamíni.

C vítamín er þekkt fyrir:

- Stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir starfsemi brjósks, beina og húðar.
- Stuðlar að eðlilegri starfsemi tauga-kerfisins og ónæmiskerfisins.
- Stuðlar að því að verja frumur fyrir oxunarálagi og draga úr þreytu og lúða.
- Stuðlar að endurnýjun afoxaðs forms E-vítamíns og auka upptöku járnns.
- Stuðlar að eðlilegum orkugæfum efnaskiptum.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,

Framleiðandi er Arctic Star ehf.

Allar nánari upplýsingar fast á

www.arcticstar.is

Arctic Star Marine Collagen

Varan fæst í flestum apótekum, heilsuþöðum,

Hagkaupum, Fjarðakaup og Heimkaup.is



info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumáli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Samhengi hluta

AF KÖGUNARHÓLI



Þorsteinn Pálsson

Lýkilatriði í búskap hverrar þjóðar er að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Þjónusta ríkisins þarf líka að standast samanburð við það besta sem þekkest í grannlöndunum. Ríkissjóður Íslands stendur jafnfætis öðrum að því leyti að heimildir til skattheimtu eru svipaðar.

Hins vegar geta aðrar kerfislegar aðstæður skekkt samkeppnisstöðu ríkissjóðs og veikt möguleika hans til að sinna þjónustuhlutverki sínu þannig að það standist samjöfnuð við grannlöndin.

Viðurkenningar

Í greinargerð með fjármálaáætlun í fyrravor gerði fjármálaráðherra grein fyrir því hvernig gjaldmiðillinn veikir samkeppnisstöðu ríkissjóðs.

Þar benti hann réttilega á að ríkissjóður getur ekki tekið lán í sama mæli og grannlöndin vegna hættu á að það leiði til óæskilegra vaxtamunarviðskipta. Þau eru stunduð af erlendum sjóðum, sem

krækja í hæstu vaxtagreiðslur frá skattborgurum þeirra landa sem búa við veika gjaldmiðla.

Hitt er pólitísk þversögn að þessi viðskipti hafa oft hjálpað Seðlabankanum við að halda uppi gengi krónunnar á kostnað launafólks.

Í þingbyrjun sagði forsætisráðherra síðan í svari við fyrirspurn frá formanni Viðreisnar að krónan væri ástæðan fyrir mun hærri vöxtum og meiri vaxtahækkunum en í grannlöndunum.

Orsakasamhengi

Eftir því sem hlutfall vaxtaútgjalda ríkissjóðs er herra lækkar hlutfall útgjalda til annarra þátta, þar á meðal heilbrigðismála. Þarna er órjúfanlegt orsakasamhengi á milli.

Heildarskuldir ríkissjóðs eru hlutfallslega aðeins þriðjungur af skuldahlutfalli skuldugustu þjóða Evrópu. Samt eru vaxtaútgjöld ríkissjóðs herra hlutfall af þjóðarútgjöldum en hjá þeim. Samkeppnisstaða ríkissjóðs er að sama skapi verri.

Hlutfall vaxtaútgjalda ríkissjóðs er þrefalt herra en á öðrum Norðurlöndum. Samkeppnisstaðan til að sinna sambærilegri velferðarþjónustu er að sama skapi lakari.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar tala opinskátt um veika samkeppnisstöðu ríkissjóðs vegna krónunnar. Þeir vilja hins vegar ekki taka á þeim kerfislega vanda sem veldur skekkjunni.



Mengið

Forsætisráðherra sagði á Alþingi að svona væri þetta vegna stærra samhengis. Hún hefur hins vegar látið hjá líða að skýra það frekar út.

Ljóst er að launafólk er ekki í því mengi sem forsætisráðherra kallar stærra samhengi. Það eru heldur ekki litlu og meðalstóru fyrirtækin.

Hugsanlega er hún með þau fyrirtæki í huga, sem hafa fengið leyfi stjórnvalda til að yfirgefa krónuhagkerfið. Stóra samhengið felst þá í því að koma í veg fyrir að velferðarkerfið, launafólk og venjuleg fyrirtæki hafi jafna möguleika.

Þessi mismunun minnti Tómas Möller rekstrarráðgjafa nýlega á gjaldeyrisverslanirnar í austurþýska alþýðulýðveldinu forðum. Þar fengu útvaldir að kaupa vest-

rænar vörur með erlendum gjald-eyri. Vegna stærra samhengis, sem látið var óútskýrt, mátti alþýðan aðeins horfa inn um búðargluggana.

Heilbrigðismálin

Heilbrigðismálin eru það viðfangsefni sem heitast brennur á ríkisstjórninni. Það var til bóta þegar ríkisstjórnarflokkarnir ákváðu að skipta um heilbrigðisráðherra. Svigrúm hans til að ná varanlegum árangri er þó áfram takmarkað meðan slagsíða er á samkeppnisstöðu ríkissjóðs.

Ráðherraskiptin teygðu á þolinmæði þjóðarinnar. En við blasir að heilbrigðismálin verði aftur helsta kosningamálið þegar ríkisstjórnin leggur átta ára starf í dóm kjösenda.

Ýmislegt þarf að laga með betra skipulagi. En sambærilegt heil-

brigðiskerfi og önnur Norðurlönd búa við kallar á svipað útgjalda-hlutfall.

Samkeppnisstaðan

Meðan forsætisráðherra stendur vörð um sitt stóra samhengi er val um þrjár leiðir varðandi fjármögnun heilbrigðiskerfisins:

Ein er að hjakka áfram í svipuðu fari. Önnur er almenn hækkun skatta. Sú þriðja er að auka lán-tökur og flytja vandann yfir á næstu ríkisstjórn.

Reynslusaga núverandi stjórnar-samstarfs bendir til að reynt verði að berja í verstu brestina með lántökum.

Næsta ríkisstjórn þarf því að gera hvort tveggja að leysa skuldavanda ríkissjóðs og fjármögnun heilbrigðiskerfisins.

Skattahækkun eða kerfisbreyting

Almennar skattahækkunir geta tímabundið aukið samkeppnishæfni ríkissjóðs en þær veikja samkeppnishæfni atvinnulífsins og minnka ráðstöfunartekjur launafólks. Slík lausn yrði skammgödur vermir.

Líkurnar á því að sú leið verði farin eftir kosningar eru þó talsverðar. Helsta ástæðan er sú að forysta atvinnulífsins kæfir markvisst alla umræðu um kerfisbreytingar til að bæta samkeppnisstöðuna, og forysta launþega leiðir hana hjá sér að mestu.

Þessa pólitísku klípu þarf að ræða fram að næstu kosningum. ■



25%

Brooklynn borðstofuforð
220x98, stækkun 2x50 cm, reykt eik - hvítuð eik
Áður 199.000 **NÚ 149.000**

10-60%
afsláttur



25%

Starn 3ja sæta
Áður 159.000 **NÚ 119.000**



20%

Obling 3ja sæta
Áður 129.000 **NÚ 103.000**



30%

Hill hvíldarstóll með tauáklæði
Áður 176.000 **NÚ 123.000**



40%

Adele
Áður 39.900 **NÚ 23.900**



25%

Sierra nokkrir litir
Áður 25.700 **NÚ 19.200**



35%

Kato svart
Áður 29.900 **NÚ 19.400**



20%

Alison snúnings
Áður 33.900 **NÚ 27.000**



25%

Ciro 3 litir
Áður 39.900 **NÚ 29.900**



50%

Nottingham sófaborð
Áður 116.000 **NÚ 58.000**

NYFORM

H Ú S G A G N A V E R S L U N

Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes



Pawel Bartoszek
varaborgarfull-
trúi Viðreisnar og
formaður svæðis-
skipulagsnefndar
SSH

Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes eru tvö stærstu þéttbýlissvæði landsins. Þar búa samlagt um 270 þúsund manns og fjölmargir ferðast á milli á degi hverjum. Langstærsti alþjóðaflugvöllur landsins er á Suðurnesjum en langflest gistirými landsins í Reykjavík. Góðar samgöngur á milli þessara tveggja svæða skipta því miklu máli fyrir landið allt.

Reykjanesbraut er nú orðin tvöföld að stærstum hluta. Til stendur að setja síðasta kaflann, milli Straumsvíkur og Hvassahrauns, í útboð nú á nýju ári. Þar með verður lokið við þessa farsælu umferðaröryggisaðgerð sem hefur verið í vinnslu frá aldamótum.

Tvöföld Reykjanesbraut útilokar ekki aðra kosti í samgöngum milli svæðanna. Þvert á móti er hún forsenda þeirra. Á meðan svona augljós fjárfesting, sem svona mikið ákall er um, liggur er óklárud er í raun lítið rými til að eiga umræðu um aðrar samgönguúrþætur á svæðinu. En getum við bráðum gert það. Og þurfum að gera.

Hugsum næstu skref

Árið 2019 var árleg dagsumferð (ÁDU) á brautinni um 16 þúsund bílar á sólarhring. Það eru nokkurn veginn mörkin þar sem skynsamlegt er að skipta yfir í 2+2 veg. Tvöföld Reykjanesbraut er því passleg og ætti að duga vel næstu árin. Við vitum þó að líklegt er að umferðin eigi eftir að halda áfram að aukast. Íbúum á Suðurnesjum mun

fjölga. Íbúum á höfuðborgarsvæðinu mun fjölga. Með bættum vegasamgöngum mun þeim fjölga sem vilja búa á öðrum staðnum og vinna á hinum. Flugfarþegum mun halda áfram að fjölga. Vaxi umferðin um 4–5% á ári verður hin tvöfalda Reykjanesbraut líka komin að þölmörkum eftir 15–20 ár. Við þurfum að ræða hvað við viljum gera þá.

Ef við byrjum ekki að spá þessu fyrir en eftir 20 ár þá munum við örugglega gera það sem við kunnum best: Að fjölga akreinum og breyta 2+2 vegi verður í 3+3 veg. En það eru aðrir valkostir. Við gætum til dæmis bætt við sérakreinum fyrir strætó og rútur. Nú, eða við gætum skoðað sporbundnar samgöngur, eins og stundum hefur verið kallað eftir. Sú lausn er án efa dýrust en líka sú sem líklegust er til að hafa mest jákvæð áhrif á ferðavenjur.

Ekki lengur smáflugvöllur

Hugmyndir um lest milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar voru fyrst skoðaðar af einhverri alvöru um seinustu aldamót. Á þeim árum komu um 300 þúsund ferðamenn til Íslands á hverju ári. Seinustu ár hefur talan hæst farið yfir 2 milljónir.

Ferðamannafjöldinn hefur sem sagt sjöfaldast á tveimur áratugum! Segjum nú að hann bara fimmfaldist á næstu tveimur áratugum. Þá þurfum við samt fimmfalt fleiri rútur og fimmfalt fleiri bilaleigubíla



sem munu keyra til Reykjavíkur og leggja þar, nema að við hugsum upp einhverjar aðrar lausnir.

Keflavíkurflugvöllur er nefnilega ekki lengur einhver krúttlegur smáflugvöllur. Hann er kominn á lista yfir þá 60–70 flugvelli Evrópu sem taka á móti flestum farþegum. Eftir nokkur ár verður hann álíka stór og Gardemoen-flugvöllur var á fyrstu árum eftir opnun um síðustu aldamót. Sá flugvöllur var tengdur við miðbæinn með lest frá upphafi.

Skoðum alla kosti

Lestum fylgja auðvitað ókostir, þær eru dýrar, taka pláss, fara bara fyrirframákveðna leið og almennt þá skortir okkur sérfræðipækkingu

vegna þeirra hér á landi. En mín skoðun er að við eigum að halda áfram að skoða þetta. Þetta er verkefni sem gæti hentað ágætlega sem einkaframkvæmd (eða blönduð framkvæmd) en fjölmargir aðilar í öðrum löndum hafa reynslu af uppbyggingu lestarkerfa.

Að lokum vil ég nefna eitt. Frá því að Reykjanesbrautin var tvöfölduð hefur verið vont að hjóla milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Það er glatað. Það þarf að klára hjólastíg þarna meðfram. Þetta er fullkomin dagsferð sem hraustar fjölskyldur og vinahópar gætu farið á fallægum sumardegum. Og tekið svo lestina heim. Eða alla vega látið sig dreyma um það. ■

”
Með bættum vegasamgöngum mun þeim fjölga sem vilja búa á öðrum staðnum og vinna á hinum.

Þjóðarsátt



Oddný G.
Harðardóttir
þingmaður Sam-
fylkingarinnar

”
Ofurgróði útgerðarinnar hefur ruðningsáhrif þegar hún teygir arma sína um allt viðskiptalífið með fjárfestingum utan greinarinnar.

Deilur um sjávarútveg hafa staðið yfir árum saman og reglulega verða þær háværar. Stóra deilumálið er um hversu lítill hluti arðsins af fiskveiðiauðlindinni rennur í ríkissjóð. Enda er það fráleit staða að markaðsverð á kvótanum renni úr vasa útgerðarmannanna í vasa barna þeirra og auður safnist á fárra hendur. En ríkissjóður fái svo fáar krónur fyrir auðlindina að þær standi ekki einu sinni undir þjónustu við greinina.

Það er réttlætismál að fólkið í landinu fái fullt verð fyrir veiðileyfin. Að sanngjarnt gjald fyrir auðlindina renni til samfélagsins alls. Besta leiðin til þess er að bjóða út aflaheimildirnar.

Flestum finnst það óásættanlegt að nýliðun innan greinarinnar sé nánast ómöguleg nema með kvótleigu á okurverði af þeim sömu sem sjálfir greiða slíkk fyrir úthlutadan kvóta.

Finna þarf leiðir sem vinna gegn því að kvóti safnist á fárra hendur og tryggja jafnræði á milli þeirra sem treysta á fiskmarkaði og hinna sem stunda bæði veiðar og vinnslu. Yfirráð fárra yfir fiskveiðiauðlindinni færir útgerðarinnar mikil völd. Áhrif þeirra á ákvarðanir í stjórnkerfinu og á stjórnámálemenn geta unnið gegn almannahag. Ofurgróði útgerðarinnar hefur ruðningsáhrif þegar hún teygir arma sína um allt viðskiptalífið með fjárfestingum utan greinarinnar.

Fiskistofa sem á að hafa eftirlit með nýtingu og meðferð auðlindarinnar hefur verið fjársvelt árum saman. Því skortir skilvirkt eftirlit

með auðlindinni. Úr því verður að bæta.

Leitað lausna

Matvælaráðherra skipaði starfshópa í fyrra til að finna ásættanlegar lausnir á deilumálunum. Hóparnir hafa skilað bráðabirgðaniðurstöðum. Margar tillögurnar eru ágætar einkum þær sem snúa að málefnum hafsins og orkuskiptum. Tillögurnar eru 60 og skiptast í 38 tillögur sem hóparnir telja að megi útfæra og 22 sem eru til umræðu. Öll deilumálin sem reifuð eru hér að ofan eru enn óleyst og áfram til umræðu. Sumar tillögurnar stangast á, t.d. er ekki þörf á útfærslu á veiðigjaldi eða á nýliðun innan greinarinnar ef niðurstaðan verður útboð á aflaheimildum.

Matvælaráðherrann segist vilja ná sem mestri sátt um sjávarútveginn. Miklir hagsmunir eru í húfi og því útilokað að allir verði sáttir ef tekið verður af festu á deilumálunum.

Mestu skiptir að sátt náist við þjóðina, eiganda auðlindarinnar. ■



Bergvin Oddsson
stjórnsmála-
fræðingur

Ríkisstjórnin kallar á nýtt Landspítalaframboð

Enn á ný er Landspítalinn á milli tannanna á fólki. Nú sárþænar starfsfólk spítalans um aukid fjármagn til þess að geta sinnt lögbundinni þjónustu stofnunarinnar.

Bæði fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra segja annaðhvort sé spítalinn full fjármagnaður eða að verið sé að vinna í aukinni fjármögnun. Til viðbótar segir Willum Þór, ráðherra heilbrigðismála, að mannekla sé rót vandans.

Hvers vegna er þá ekki starfsfólki spítalans greidd mannsæmandi laun til þess að laða að nýtt starfsfólk eða þá hitt að fá gamla góða starfsfólkið til baka sem hefur einfaldlega gefist upp á álaginu og, já, starfsmannaaðstöðunni?

Getið þið ímyndað ykkur hvað spítalinn þarf að greiða mörg hundruð milljónir á ári í aukavinnu til starfsfólksins? Ég er ekki með þær tölur á takteinum. Get ímyndað mér að með fleira fólki á hærri launum þyrfti síður að kalla út fólk á aukavaktir eða kalla fólk í vinnu úr sumarleyfum o.s.frv. Þetta er eins og að pissa í bóskinn sinn.

Nú er starfsfólk spítalans búið að fá nóg. Fólkið í landinu er líka búið að fá nóg. Sjúklingar og aðstandendur liggjandi á göngum spítalans, skoðanir og viðtöl við lækna eru fyrir opnum tjöldum dag eftir dag. Spítalinn alltaf rúmlega fullnýttur og vel það. Legupláss sjúklinga langt undir því sem telst ásættanlegt á hinum Norðurlöndunum.

Því miður er þessi umræða ekki ný af nálinni. Í gegnum tíðina hefur umræða um aðbúnað starfsfólks og mikið vinnuálag verið á vörum fólks þar sem stjórnvöld hafa í gegnum tíðina verið krafín um bætt starfskilyrði fyrir starfsfólkið.

Ég tel, góðir Íslendingar, að í ljósi sögunar verði engum markvissum breytingum náð nema með því að stofna til sérstaks framboðs undir merkjum X-L sem hefði það eina markmið að hlúa að Landspítalanum og tryggja þar öryggi sjúklinga, minna álag fyrir starfsfólkið og síðast en ekki síst: hraða uppbyggingu nýs Landspítala öllum og öllu til heilla.

Einn fyrir alla og allir fyrir einn. ■

”
Get ímyndað mér að með fleira fólki á hærri launum þyrfti síður að kalla út fólk á aukavaktir eða kalla fólk í vinnu úr sumarleyfum.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 19. janúar 2023



Áfengislausir bjórar rjúka upp í sölu og framleiðslan hefur aukist mikið.

Áfengislaus lífsstíll í tísku

elin@frettabladid.is

Mikil aukning hefur verið í sölu á áfengislausum bjór í Noregi. Á síðasta ári jókst salan um 12,2 prósent. Á síðustu fimm árum hefur salan tvöfaldast, fór úr 490 þúsund lítrum árið 2017 í 940 þúsund lítra árið 2022. Þetta ber vott um lífsstílsbreytingu fólks, sérstaklega þeirra yngri. Svipað hefur verið upp á teningnum hér á landi. Fleiri og fleiri velja áfengislausan lífsstíl. Könnun sem gerð er af UNG2023 í Noregi sýnir að 27 prósent ungs fólks velja nú frekar áfengislausu drykki.

Tvitug norsk stúlka greinir frá því í netmiðli VG að hún hafi ákveðið að leggja áfengið á hilluna og taka upp áfengislausan lífsstíl. Hún segist hafa rekið sig á skilningsleysi hjá félögunum og þess vegna hefur hún verið að taka upp fyrir TikTok þar sem hún sýnir að vel er hægt að skemmta sér án áfengis. Því hefur verið vel tekið. Foreldrar hafa skrifað við færslur hennar og þakkað fyrir innleggið.

Núll prósent vinsælir drykkir

Áfengislausir drykkir hafa orðið að tiskuvöru, bæði í Noregi og annars staðar í heiminum, segir vörustjóri í norsku vinnubúðinni Vinmonopolet við VG. Janúar hefur reyndar verið áfengislaus mánuður hjá mörgum undanfarin ár eftir áramótaheit.

Aukning á sölu áfengislausra drykkja er þó yfir allt árið og framleiðendur hafa brugðist við með auknu úrvali. ■



Sylvía Erla Melsteð gaf út sína fyrstu barnabók 2021 um lesblinda hundinn Oreó og hefur fylgt henni eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Elti ekki tiskustrauma

Sylvía Erla Melsteð er með eigin fatastíl sem tekið er eftir og er ótrúlega hæfileikarík á mörgum sviðum. Undanfarin ár hefur hún látið gott af sér leiða til samfélagsins auk þess sem hún hefur gefið út tónlist, heimildarmynd og bækur.

sjofn@frettabladid.is

Sylvía Erla brennur fyrir því að finna lausn fyrir þá sem hafa ekkert bakland og vantar aðstoð í skólakerfinu. Þessa dagana er hún að þróa forrit sem heitir AskStudy sem vonandi á eftir að vera regnhlíf sem nemendur geta gripið í til að fá aðstoð.

Sylvía kláraði BS í viðskipta-

fræði í fyrra, ásamt því að vinna í fjölmörgum verkefnum samhliða því. „Ég hef verið að vinna í að gera meiri tónlist sem ég hlakka til að gefa út.

Ég gerði ásamt Sagafilm og hópi af frábæru fólki heimildarmyndina Lesblinda sem var sýnd á RÚV 2021. Í framhaldi af myndinni hef ég haldið fyrirlestra í skólum um lesblindu og þrautseigju. Þetta er

mjög skemmtilegt því að þetta eru frábærir og kurteisir krakkar sem ég hlakka til að fylgjast með þegar þau breyta heiminum til góðs,” segir Sylvía.

Sylvía gaf út sína fyrstu barnabók 2021 um lesblinda hundinn Oreó. „Síðastliðið haust fórum við Oreó í skipulagsátak með Hagkaup og Morgunblaðinu. Átakið fólst í því að efla lestur, gera lærdóm/heima-

nám skemmtilegt, hvetja krakka til að hreyfa sig, fara fyrir að sofa, hrósa öðrum og sjálfum sér, og ekki sist að hvetja þau til að minnka skjánotkun. Markmiðið var einnig að gera krakkana sjálfstæðari með því að þau skipuleggi sig sjálf. Þannig varð Skipulagsbókin mín til en þar fá krakkar stig fyrir að fylgja skipulagi sínu samkvæmt ofangreindum markmiðum. Einnig er kominn >>

Alla daga
gegn kulda og sól

Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is

» Oreó bangsi sem er hannaður þannig að krakkar geti lesið fyrir hann og fyrir jólin kom Oreó vatnsbrúsi og Oreó buff.“

Sylvía segir að skólakerfið sé sett upp þannig að það henti ekki öllum. „Þegar ég fór í háskóla fékk ég að láta ljós mitt skína í námi með því að fara í flest prófin munnlega. Mér hefur alltaf þótt erfitt í þessum skriflegu prófum þar sem ég er lesblind. Allt of mikil orka fer í að hugsa hvernig ég eigi að skrifa og stafsetja rétt. Ég verð aldrei góð í stafsetningu.“ segir Sylvía hlæjandi. Sylvía finnst þurfa að aðlaga skólakerfið að breytingum í heiminum.

” Hversdagslegi stillinn minn er frekar einfaldur og fer alveg eftir dögum hvernig hann er.

„Í desember 2022 gaf Evrópu-sambandið út skýrslu sem segir að árið 2023 yrði „Year of Skills“. Hugmyndafræði þar sem krafist er að horft verði meira á hæfni hvers einstaklings og möguleika sem í honum búa frekar en prófgráður og fyrri reynslu. Ég held að skólakerfið okkar sé ekki byggt upp á þessari hugmyndafræði. Við erum að missa of marga nemendur vegna þess að þeir passa ekki inn í kassann sem skólakerfið er, og við sem samfélag höfum ekki efni á missa þessa nemendur út úr skólakerfinu. Ég hefði svo auðveldlega geta gefist upp ef ég hefði ekki haft það bakland sem ég hafði.“ segir hún.

Á mér draum

„Ég held að við sem samfélag þurfum að hugsa hvað við getum gert. Ég er að þróa vettvang fyrir fólk þar sem það getur aðstoðað. Síðan er gamla góða aðferðin að spyrja: „Get ég aðstoðað?“

Það er alltaf hægt að líta í kring-



Sylvía, töff að vanda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

um sig hvort hægt sé að hjálpa til við heimanám í fjölskyldunni, hjá vinum barna ykkar, í götunni hjá þér, í sveitarfélaginu. Sumir foreldrar þurfa að lesa allt námsefni upp fyrir börnin sín nokkrum sinnum, allur frítími fer í að læra með börnum. Í skýrslu um brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum frá Velferðarnefnd kemur fram að brotthvarf úr framhaldsskólum sé birtingarmynd ójafna tækifæra í íslensku samfélagi og við sem samfélag eigum ekki að setta okkur við það. Ég á mér draum um að sem flestir komi að þessu verkefni, ríkið, menntastofnanir, skólar, kennara, nemendur á öllum stigum og foreldrar taka þátt til að við getum búið til forrit og notað það til að það nýttist samfélaginu okkar sem best. Með Ask Study höfum við samfélagið tækifæri til að hjálpa til við að aðstoða hvert annað og leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að hjálpa þeim sem vantar aðstoð.

Allir hafa skoðanir á menntakerfinu en mig langar að skapa verkfæri sem allir geta nýtt sér og sýnt viljann í verki.“ Þegar við lokum umræðunni um drauma Sylvía segir hún mikilvægt að láta þá rætast. „Láttu drauma rætast og gerðu þá að veruleika, ekki hafa þá sem bara draum, það er aldrei of seint. Lesblinda er engin hindrun, þú getur allt sem þú ætlar þér.“

Gulur uppáhaldsliturinn

Sylvía hefur alltaf haft sjálfstæðar og sterkar skoðanir, líka þegar kemur að eigin stíl. „Hversdagslegi stillinn minn er frekar einfaldur og fer alveg eftir dögum hvernig hann er. Ég vel alltaf fót þegar ég vakna og fer eftir hvernig mér líður þennan dag og veðrinu. Ég hef alltaf verið rosalega

hrifin af höttum og á mikið af þeim. Ég elska jarðliti og svartan, en á milli er ég rosalega hrifin af gulum. Gulur er uppáhaldsliturinn minn. Stillinn að koma fram á sviði fer meira út í öfuga og ég elska að vera í einhverju öðruvisi og leika mér þannig með fötin og með skemmtilegum farða.“

Ákveðin snið heilla Sylvía. „Snið sem eru þröng í mittinu heilla mig. Einnig er ég rosalega hrifin af rúllukragapeysum núna og í fyrra.“

Spurð segist Sylvía ekki eiga sér neina uppáhaldsflík. „Reyndar ekki uppáhaldsflík en ég er mjög hrifin af yfirhöfnum. Mér þykir náttúrulega mest vænt um þær flíkur sem ég hef fengið frá ömmum mínum, Erlu og Völu.“

Sylvía segist eiga sinn uppáhaldshönnuð, Riccardo Tisci, en hún fylgi í raun ekki tiskustráumum og hafi aldrei gert. „Ég elska jarðliti, grænan, brunan, beige og svartan. En út af því að ég er með blágræn augu, þá er mjög gaman að klæðast alveg bláu og síðan alveg grænu því augnliturinn breytist. Sem dæmi; ef ég er í bláu þá verða augun alveg blá, í grænu verða þau græn.“

Elska pinnahæla

Þegar kemur að skótískunni þá eru það hælaskór. „Ég elska hælaskó. Ég hef safnað þeim síðan ég var lítil, þá erum við að tala um pinnahælaskó. Það er því miður ekki oft tækifæri að nota þá á Íslandi.“ segir Sylvía.

Fylgihlutir eru eitthvað sem Sylvía er ekki að missa sig yfir. „Ég er sérstök með þetta, ég er eiginlega aldrei með skartgrip. Það er ekki oft sem fólk sér mig með eyrnalokka, hringi, armbönd eða hálsmen og hvað þá úr, það gerist aldrei. Það er eitt hálsmen sem mamma keypti á fimm dollara sem er vinnahálsmennið okkar, ég nota það mest.“ ■

Fallegur klæðnaðir við flest tilefni.



Gulur uppáhaldsliturinn

Sylvía hefur alltaf haft sjálfstæðar og sterkar skoðanir, líka þegar kemur að eigin stíl. „Hversdagslegi stillinn minn er frekar einfaldur og fer alveg eftir dögum hvernig hann er. Ég vel alltaf fót þegar ég vakna og fer eftir hvernig mér líður þennan dag og veðrinu. Ég hef alltaf verið rosalega



Glæsileg kápa sem er jafnframt hlý og góð í vetrarkuldanum.


Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Guðmundur Hilmarsson, gummi@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 Torg ehf Jón Þórisson Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.



Léttari lund,
alla daga
MAG-YOUR-MIND®
vinnur gegn streitu og
skerpir hugsun



300 mg
Magnesíum bisglýsínat



5 mg
B6 vítamín



200 mcg
B9 vítamín (fólínsýra)



100 mg
Burnirót



75 mg
Schisandra



GOOD ROUTINE® fæst í Apótekanum, Nettó, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónunni, Lyf og heilsu og á goodroutine.is

KAVITA



YEST/YESTA mokkavesti
Stærðir 36-54
Verð 13.980 kr



ES&SY Stella rúllukragapeysa
Fæst líka í vínrauðu
Stærðir 40-46
Verð 8.980 kr



ES&SY Sylvana skyrta
Stærðir 40-46
Verð 6.980 kr



YESTA Bernardine síð skyrta
Fæst líka í Army
Stærðir 46-52
Verð 12.980 kr



ES&SY Sofie rúllukragapeysa
Stærðir 36-46
Verð 9.980 kr

yesta

yest

no^{secret}

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

Q'UE



ES&SY Una kvartermabulur
Fleiri litir til
Stærðir 36-46
Verð 6.980 kr



ES&SY Roxy skyrta
Stærðir 36-46
Verð 9.980 kr



ZE ZE Cruz stuttermakjól
Fæst líka í bleiku
Stærðir 36-48
Verð 12.990 kr



Yest/YestA gallabuxur
Fleiri litir til
Stærðir 36-52
Verð 14.980 kr



ZE ZE Shape2 buxur
Fleiri litir til
Stærðir 34-48
Verð 10.990 kr

SUNDAY
by Godske

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

tamaris

GOZZIP

HABELLA

SANDGAARD

Jana

L'ASSESSOR



FRANSEN vetrarúlpa með ekta skinni
Stærðir 38-54
Verð 52.980 kr



FRANSEN síð úlpa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-52
Verð 33.980 kr



JANA lakk ökkaskór Croco
Stærðir 37-42
Verð 19.990 kr



JANA ökkaskór
Fást líka lakk
Stærðir 37-42
Verð 18.990 kr



YIWU Danley flísfóðruð húfa
Margir litir til
Verð 4.990 kr

Verzlunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR
Tökum að okkur alla almenna málningavinnu, við erum faglærðir með mikla reynslu og sanngjarnir í verðum.
s. 782 4540 loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

DYRASÍMAR WIFI-NET
SJÓNVARP Uppsetning - viðhald
Rafeindameistarinn ehf 777-4944

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



FOR STÖÐU MAÐUR KIRKJUBÆJARSTOFU

Kirkjubæjarstofa auglýsir stöðu forstöðumanns lausa til umsóknar. Um er að ræða 100% starf og er umsóknarfrestur til og með 1. mars 2023. Kirkjubæjarstofa, þekkingarsetur er rannsókn- og fræðasetur á sviði náttúruvafars, sögu og menningar. Starfsemi á Kirkjubæjarstofu hefur verið af ýmsu tagi og mörg verkefni verið unnin í nafni stofnunarinnar frá því hún var stofnuð 1997.

Forstöðumaður ber m.a. ábyrgð á:

- öflun styrkja úr samkeppnisjóðum og utanumhald um styrkumsóknir,
- stefnumótun og útfærslu á starfsemi Kirkjubæjarstofu,
- fjármálum og rekstri,
- þróun samstarfsverkefna,
- starfsmannamálum,
- tengslum við innlenda og erlenda aðila.

Hæfniskröfur:

- háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi,
- reynsla af stjórnun og stefnumótun,
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum,
- leiðtogaþæfileikar og góð samskiptahæfni
- gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku



Kirkjubæjarklaustur er í Skaftárhreppi um 250 km austur af Reykjavík. Í sveitarfélaginu búa 680 íbúar.

Á Klaustri eru leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli. Fjölbreytt íþróttaiðkun fyrir börn er í boði. Á staðnum er íþróttahús og góð sundlaug.

Náttúrufergurð er einstök og afar góð aðstaða til útivistar og er veðursæld mikil.

Íbúð fylgir á staðnum ef þörf er á.

Launakjör eru samkomulagsatriði.

Nánari upplýsingar

Auður Guðbjörnsdóttir, stjórnarformaður
netfang: audur@klaustur.is, sími: 846 2770. Með umsókn skal fylgja kynningarbréf auk yfirlits um námsferil og fyrri störf (CV). Umsóknir skulu merktar „Forstöðumaður Kirkjubæjarstofu“ og berast á rafrænu formi.

Umsóknarfrestur er til 1. mars nk.

Umsóknir sendast á ekj@klaustur.is

klaustur.is

ÚTBOD

Ný útbod í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Vörðuskóli – endumýjun glugga og þaka,** útbod nr. 15716

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is



vinnvinn

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástal á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is



viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



Umhverfismat framkvæmda

Ákvörðun um matsskyldu

Mölunarverksmiðja í Þorlákshöfn

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreind framkvæmd skuli háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 20. febrúar 2023.



Sérhæfð lögfræðipjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga auk tillögu nýrra deiliskipulagsáætlunar.

1. Skálmholt; Huldu- og Maríuhólar; Íbúðabyggð; Deiliskipulag – 2211052

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. janúar 2023 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til íbúðarbyggðar í landi Skálmholts. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 43 nýjum íbúðarhúsalóðum að stærðinni 8.751 fm til 16.428 fm. Auk þess eru á svæðinu fjórar 15.000 fm frístundalóðir sem breytast í íbúðarlóðir.

Heildarfjöldi íbúðalóða á svæðinu verður því 47. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús og útihús, geymslu/bílageymslu. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05.

2. Úthlíð L167514; VP15 Breyttar heimildir; Aðalskipulagsbreyting – 2209074

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2022 að kynna tillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 innan jarðarinnar Úthlíð. Breytingin snýr að því að hluta verslunar- og þjónustusvæðisins verður breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði þar sem heimild verður fyrir hjólhýsasvæði og tjaldsvæði. Þá verður afmörkun verslunar- og þjónustusvæðisins breytt og byggingarheimildir uppfærðar. Í Úthlíð er mikil frístundabyggð og einnig ýmis konar þjónustustarfsemi tengd henni. Markmiðið með breytingunni er að efla starfsemi og þjónustu í Úthlíð.

3. Hnaus; Hnaus 2; Breytt landnotkun (F16 og F16D); Aðalskipulagsbreyting – 2207019

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. janúar 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytinga sem tekur til Hnaus og Hnaus 2. Breytingin tekur til frístundasvæðanna F16 og F16D sem skilgreind verða sem landbúnaðarland, ásamt hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis, SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra lóðunum Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L17893, Hnaus land 1 L213872 og Mosatö 4 L230715.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

4. Klif L167134; Skilgreining landsvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2201035

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2022 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til jarðarinnar Klif í Bláskógabyggð. Í breytingunni felst að hluti skilgreinds frístundasvæðis er breytt í landbúnaðarsvæði.

5. Bæjarás veiðihús L233313; Laxárdalur við Stóru-Laxá (svæði AF2); Aðalskipulagsbreyting – 2206010

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2022 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bæjaráss veiðihúss í landi Laxárdals. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðinu Stóra-Laxá, veiðihús (svæði AF2) í landi Laxárdals. Með breytingunni verður AF2 tvískipt svæði þar sem gert er ráð fyrir nýju veiðihúsi að lóðinni Bæjarás veiðihús L233313. Breyting verður gerð á greinargerð aðalskipulags- og skipulagsupprætti.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana:

6. Haukadalur III; Frístundabyggð; Deiliskipulag - 2212020

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2023 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til frístundasvæðis og golfvallar í landi Haukadals III. Í skipulaginu felst skilgreining lóða og byggingarheimilda innan svæðisins.

7. Skyggfir L197781; Fjölgun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting – 2207005

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. Janúar 2023 að auglýsa tillögu er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Skyggfir L197781. Í breytingunni felst að byggingarreitum er fjölgað um tvo auk þess sem legu og lögun reita nr. 2 og 3 er breytt. Byggingarmagn innan núverandi byggingarreita er óbreytt en hámarksbyggingarmagn innan skipulagssvæðisins eykst úr 1.919 fm í 2.290 fm með tilkomu nýrra byggingarreita. Gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir íbúðarhús og bílskúr auk þess sem bætt er við heimildum fyrir 6 smáhúsi.

8. Bæjarás; Veiðihús; Deiliskipulag – 2203038

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til veiðihúss að Bæjarási í landi Laxárdals. Innan lóðarinnar er heimilt að byggja allt að 300 fm veiðihús á einni hæð sem þjónar starfsemi tengdri veiðifélaga árinna. Hús sem gestir geta haft tímabundna gistingu í og þegið þá þjónustu sem verður í boði. Heimilt er að leigja út gistingu til ferðamanna allt árið um kring. Samhliða er auglýst breyting á aðalskipulagi sem tekur til viðkomandi svæðis.

9. Klif í landi Spóastaða; L167134 og L192315; Deiliskipulag – 2202035

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til Klifs í landi Spóastaða. Skipulagið nær yfir liðlega 2,3 hektara á lögbýlinu Klifi L167134. Á landinu eru nú þegar íbúðarhús og sumarhús (landnúmer L192315). Markmið skipulagsins er að skipta landinu í tvær lóðir þar sem nýrri lóðin verði lögbýlislóð og syðri lóðin íbúðarhúsaloð. Vegtengingar að lóðunum eru til staðar sem og vatn, rafmagn og rotþrær. Samhliða er auglýst breyting á aðalskipulagi sem tekur til svæðisins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.asahreppur.is www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Mál nr. 1 - 3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 19. janúar 2022 til og með 9. febrúar 2023.

Mál nr. 4 - 9 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 19. janúar 2023 með athugasemdafrest til og með 3. mars 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vígús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU



Erum við að leita að þér?



Öruggur sigur ekki nóg til að kveða niður áhyggjur

Þrátt fyrir tíu marka sigur Íslands á Grænhöfðaeypjum á HM í handbolta í gær hefur íþróttafréttamaðurinn margreyndi Guðjón Guðmundsson miklar áhyggjur af spíla-mennsku íslenska landsliðsins sem sé undir pari í aðdraganda stórleiks gegn Svíum.

aron@frettabladid.is

HANDBOLTI Íslenska landsliðið í handbolta vann í gærkvöld þægi-legan tíu marka sigur á Grænhöfðaeypjum þegar liðin mættust í fyrstu umferð milliriðla HM. Lokatölur í Gautaborg urðu 40–30, Íslendingum í vil.

Fyrir leik var ljóst að strákarnir okkar kæmu inn sem mun líklegri aðilinn, að sama skapi vita leikmenn liðsins að ekkert rými er fyrir frekari misstig, líkt og það sem átti sér stað í tapinu gegn Ungverjalandi í riðlakeppninni, ætli liðið sér upp úr milliriðlinum.

Guðjón Guðmundsson, betur þekktur sem Gaupi, leggur mat sitt á frammistöðu íslenska landsliðsins í leiknum gegn Grænhöfðaeypjum sem og framhaldið á HM í samtali við Fréttablaðið.

„Frammistaðan gegn Grænhöfðaeypjum var í sjálfu sér viðunandi. Mér fannst varnarleikurinn hins vegar ekki sannfærandi og þar vantar talsvert mikið upp á hjá okkur. Við höfum ákveðin einstaklingsgæði í okkar liði, gæði sem hafa ekki náð að skína í gegn á þessu heimsmeistaramóti.“

Lykilmenn ekki heilir heilsu

Hann hefur áhyggjur af lykilmönnum íslenska landsliðsins.

„Það er ljóst að margir af okkar lykilmönnum eru ekki alveg heilir heilsu. Aron Pálmarsson hefur engan veginn náð þeim takti sem ég var að vonast eftir, hann á mikið inni. Gísli Þorgeir sömuleiðis, hann er ekki á sama stað og hann var á síðasta Evrópumóti og hefur verið með Magdeburg í vetur.“

Að því sögðu er ljóst að framundan er gríðarlega erfiður leikur gegn Svíum, sem ég spáði heimsmeistaratitlinum fyrir mót. Ég held að íslenska liðið þurfi að eiga algjöran toppleik ætli liðið sér að leggja heimamenn að velli í Gautaborg fyrir framan þrettán þúsund áhorfendur.

Þar þarf fyrst og síðast vörn og markvarsla að vera í algjörum toppi. Þú þarft í það minnsta fjöru-tíu prósent markvörslu til þess að eiga möguleika gegn Svíum, þá þarftu líka að geta spilað alvöru vörn. Það finnst mér við ekki hafa gert á þessu móti. Það örlaði svolítið á varnarleiknum í fyrsta leik gegn Portúgal en í öðrum leikjum hefur varnarleiknum verið ábótavant.“



Ísland skoraði 40 mörk í leiknum gegn Grænhöfðaeypjum í gær. Er það í fimmta sinn í sögu liðsins á HM sem slíkt gerist.

Eitthvað sem vantar

Guðmundur Guðmundsson, landsliðshjálfari Íslands, var duglegur að nefna það fyrir mót að aðaláskorun liðsins væri að ná saman varnarleik sínum. Kemur það þér á óvart hversu erfiðlega hefur gengið að ná varnarleiknum upp?

„Já, það kemur mér á óvart, einfaldlega vegna þess að á síðasta stórmóti var varnarleikurinn í mjög góðu standi. Varnarlína okkar þá var að spila frábærlega, leikmenn eins og Ýmir Örn Gíslason sem hefur ekki geislað eins mikið af á þessu móti.“

Mér finnst útgeislunin í liðinu ekki nægilega góð, það er eitthvað sem vantar. Kann að vera að menn eigi eftir að galdra það fram en fyrir mót fannst mér fullmikið í það lagt að segja að við værum með lið sem ætti að vinna til verðlauna á HM.

Ég held að það sé langur vegur frá. Eins og staðan er í dag þá erum við með lið sem er á bilinu sjötta til tíunda sæti í heiminum, sem er býsna gott. Þetta er lið sem getur náð mjög langt, lið sem getur náð í verðlaun en enn sem komið er í mótinu hefur liðið ekki sýnt okkur það.“



Það er ljóst að margir af okkar lykilmönnum eru ekki alveg heilir heilsu.



Guðjón Guðmundsson, fréttamaður

Fyrirsjáanlegt upplegg

Þá finnst Gaupa það stinga í augu að skortur sé á fjölbreytni í uppleggi íslenska liðsins í leikjum sínum. Plan A sé til staðar en ekkert bóli á plani B og C.

„Þetta segi ég sérstaklega hvað varðar varnarleikinn, við eigum

erfitt með að bregðast við þar. Eins og leikurinn spilaðist á móti Ungverjum þá vorum við með gjörunninn leik í höndunum en köstuðum því frá okkur, auðvitað hljóta að vera einhverjar ástæður fyrir því.“

Við vorum bara ekki með, í þeim leik, plan B. Við vorum með plan A sem var næstum því búið að ganga upp en það gekk ekki upp. Það þýðir ekkert að segja ef og hefði, þetta liggur algjörlega fyrir og í augum uppi.“

Það er skammt stórra högga á milli. Á morgun tekur við stærsta áskorun Íslands, til þessa, á heimsmeistaramótinu. Leikur gegn heimamönnum í sænska landsliðinu.

Hefur þú trú á íslenskum sigri gegn Svíþjóð?

„Ég hef alltaf trú á íslenskum sigri, alveg sama hvað gengur á. Ef íslenska liðið nær að galdra fram svipaðan og sama leik og liðið sýndi á Evrópumeistaramótinu á síðasta ári, þá er möguleiki á að vinna Svía.“

En Svíar eru hins vegar með frábært lið, frábæra markmenn, spila frábæra vörn og eru í dag með eina bestu útilínu heims og hornamenn á heimsmeistaramóti. ■

Þrátt fyrir öruggan tíu marka sigur á Grænhöfðaeypjum eru blíkur á lofti um að íslenska liðið sé ekki á þeim stað sem vonast var eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

UTAN VALLAR

Sara Björk breytir leiknum til frambúðar



Helgi Fannar Sigurðsson
helgifannar@frettabladid.is

Eftir að hafa lesið grein Söru Bjarkar Gunnarsdóttur, þar sem hún gagnrýnir fyrrverandi félag sitt Lyon, er ljóst að enn er langt í land í ýmsum þáttum kvennaknattspyrnunnar. Hefur greinin vakið mikla og verðskuldaða athygli, svo mikla að fjallað er um hana hinum megin á hnettinum. Hún segir þar frá framgöngu Lyon í sinn garð eftir að hún varð ólétt að syni sínum, sem og eftir að hún eignaðist hann.

Lyon var með stæla við Söru eftir að hún fór heim til Íslands í kjölfar þess að hafa orðið barnshafandi. Félagið greiddi henni þá aðeins um

27 þúsund evrur á tímabili þar sem Sara átti að fá 109 þúsund evrur. Sara fór í mál við Lyon með aðstoð FIFAPRO leikmannasamtakanna og vann það. Frökkunum var gert að greiða henni um tólf milljónir íslenskra króna sem hún átti inni.

Sara lét ekki staðar numið þar heldur ritaði tímamótagein um málið, sem mun án efa sjá til þess að félög munu hugsa sig tvisvar um áður en þau ákveða að koma fram við barnshafandi leikmann á annan eins hátt og Lyon kom fram við Söru. Á Sara mikið hrós skilið fyrir þetta og má undirstrika hversu



Yfirlýsingin sem Lyon gaf út sem svar við grein svör var í besta falli afar aum.

mikilvægt skref ein allra fremsta knattspyrnukona Íslandssögunnar hefur tekið fyrir komandi kynslóðir leikmanna.

Leiðindi Lyon gagnvart Söru voru ekki aðeins af fjárhagslegum toga. Viðhorfið sem hún og sonur hennar upplifðu eftir að hún sneri aftur til Frakklands var óásættanlegt. Henni var meinað að ferðast með henni í útleiki er drengurinn var enn á brjósti og forseti Lyon leit ekki við þeim þó þau væru í sama rými í eitt skiptið. Svona mætti lengi áfram telja.

Yfirlýsing sem Lyon gaf út sem svar við grein Söru var í besta falli

afar aum. Þar fullyrta félagið að hafa staðið við bakið á Söru að fullu í óléttunni. Einmitt.

Það sem er ef til vill mest sláandi við þetta leiðinlega mál er að Lyon hefur lengi verið þekkt sem eitt fremsta aflíð í kvennaknattspyrnu, bæði innan og utan vallar. Þar eiga málefni knattspyrnukvenna að vera í hávegum höfð. Ef potturinn er eins brotinn þar og hann virðist vera er hægt að gefa sér það að staðan sé átakanlega slöpp annars staðar.

Það má þó binda vonir við að tímamótagein Söru breyti leiknum um heim allan. ■

Spennandi störf í boði hjá HMS

Vilt þú starfa á nútímalegum vinnustað sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, miðlun og stafræna þróun?

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun leitar að öflugum fólki til að taka þátt í uppbyggingu þjónustu HMS. Fjölbreytt og krefjandi verkefni eru framundan í takt við hlutverk og framtíðarsýn stofnunarinnar.

Störf í boði

Sérfræðingur á sviði rafmagns- og vöruöryggis

Hæfniskröfur:

- Tæknimenntun á háskólastigi á sviði rafmagns er skilyrði
- Reynsla af hönnun og/eða setningu raflagna er skilyrði
- Þekking á gæðastjórnun og gæðastjórnunarkerfum er kostur
- Mjög góð samskipta- og samstarfshæfni
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Tæknileg ráðgjöf um reglur er varða rafmagnsöryggismál
- Löggilding rafverktaka
- Framkvæmd eftirlits með löggiltum rafverktökum og neysluveitum
- Samskipti við skoðunarstofur vegna eftirlits á rafmagnsöryggissviði
- Samskipti við innlenda aðila á rafmagnsöryggissviði
- Móttaka, úrvinnsla og svörun fyrirspurna
- Gerð og miðlun fræðsluefnis um rafmagnsöryggismál

Nánari upplýsingar veitir **Birgir Ágústsson**, teymisstjóri

rafmagnsöryggis - birgir.agustsson@hms.is - sími: 440 6400

Sérfræðingur í fasteignamati

Hæfniskröfur:

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking á verðmati eigna
- Góð íslenskukunnátta
- Lipurð í teymisvinnu og samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og lausnamiðuð hugsun

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Þátttaka í þróun matsaðferða
- Gagnasöfnun til að styrkja fasteignamat
- Þátttaka í árlegu endurmati fasteigna
- Þjónusta við fasteignaeigendur og sveitarfélög
- Úrvinnsla athugasemda vegna fasteignamats
- Aðstoð við rökstuðning til YFN
- Önnur verkefni í samráði við teymisstjóra

Nánari upplýsingar veitir **Þorsteinn Arnalds**, teymisstjóri

fasteignamats - thorsteinn.arnalds@hms.is - sími: 440 6400

Sérfræðingur í þróun matsaðferða:

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem á sviði verkfræði- eða fjármála
- Reynsla af greiningu og framsetningu gagna
- Reynsla af fasteigna- eða verðbréfamarkaði kostur
- Hæfni til að tjá sig á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Lipurð í teymisvinnu og samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og lausnamiðuð hugsun

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Þróun matsaðferðar vegna fasteignamats
- Söfnun og greining gagna um fasteigna- og fjármagnsmarkað
- Þjónusta við fasteignaeigendur og sveitarfélög
- Önnur verkefni í samráði við teymisstjóra

Nánari upplýsingar veitir **Þorsteinn Arnalds**, teymisstjóri

fasteignamats - thorsteinn.arnalds@hms.is - sími: 440 6400

Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2023

Umsóknir skulu sendar inn í gegnum hagvang www.hagvangur.is. Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið, óháð kyni og uppruna.

MERKISATBURÐIR

- 1903** Þýskur togari, Friedrich Albert, strandar á Skeiðararsandi.
- 1908** Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar stofnað.
- 1935** Coopers Inc. selur fyrstu stuttu herranærbuxurnar í heiminum.
- 1949** Kúba viðurkennir Ísrael.
- 1953** 68 prósent allra sjónvarpsviðtækja í Bandaríkjunum eru stillt á sjónvarpsþáttinn I Love Lucy til að sjá Lucy Ball fæða barn.
- 1955** Borðspilið Scrabble lítur dagsins ljós.
- 1966** Indira Gandhi kosin forsætisráðherra á Indlandi.
- 1977** Snjócoma í Miami í Flórída í Bandaríkjunum, í fyrsta og eina sinn í sögu borgarinnar sem það hefur gerst.
- 2007** Íslenska kvikmyndin Foreldrar er frumsýnd.



Söngferill Bjarna hófst í Njarðvík og hefur hann síðan þá sungið í óperum, allt frá Vínarborg til Feneyja.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bland í poka á söngafmælinu

Bjarni Thor Kristinsson, óperusöngvari og leikstjóri, fagnar 25 ára söngafmæli sínu með tónleikum í Salnum í Kópavogi í kvöld.

arnartomas@frettabladid.is

Ef ég væri ríkur! er heiti tónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld þar sem Bjarni Thor Kristinsson óperusöngvari fagnar 25 ára söngafmæli sínu. Þar verður í tilefni tímamótanna stiklað á stóru úr söngferli Bjarna.

„Það er frábær tilfinning,“ svarar Bjarni aðspurður hvernig það sé að fá að fagna 25 ára afmæli, aftur. „Þegar ég var að byrja að syngja vissi ég ekkert út í hvað ég var að fara og síðan er maður auðvitað gladdur yfir að hafa fengið að vinna við það sem mann langaði til.“

Á tónleikunum verða flutt atriði og ariur úr óperum sem Bjarni hefur sungið í og hafa ekki alltaf ratað til Íslands. Þess á milli segist hann ætla að slá á létta strengi og syngja eitthvað nýtt. Tónleikarnir eru vel mannaðir en auk Bjarna syngja félagar úr Kammeróper-



Þegar ég var að byrja að syngja vissi ég ekkert út í hvað ég var að fara.

um öxl á hann erfitt með að velja hvað stendur upp úr.

Mozart og Strauss standa upp úr

„Ég hef mikið fengið að syngja stór þýsk gamanhlutverk eins og baróninn í Rósa-riddaranum eftir Strauss og Osmin í Brottnáminu úr kvennabúrinu eftir Mozart,“ segir hann. „Svo hef ég mikið sungið Wagner sem mér finnst bæði krefjandi og skemmtilegt. Þá hefur mér alltaf þótt mjög vænt um að koma heim og syngja.“

Bjarni mun ekki sitja auðum höndum þegar veisluhöldum kvöldsins lýkur.

„Ég verð að leikstýra tvennu á næstunni, annars vegar erum við að halda áfram með Óperu og mat – Così fan tutte-sýningar sem verða í Gamla bíói núna í febrúar,“ segir hann. „Svo verð ég að leikstýra uppsetningu amerísku óperunnar Susannah fyrir Söngskóla Sigurðar Demetz. Ég er líka með ýmis verkefni erlendis, þar á meðal tvö Wagner-hlutverk. Það er nóg að gerast!“

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20 og miðasala fer fram á tix.is. ■



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Ólafur Haukur Árnason
Skúlagötu 20,

lést á Landakotsspítala 15. janúar sl.
Útförin fer fram frá Guðriðarkirkju í
Grafarholti fimmtudaginn 26. janúar
kl. 13.00. Blóm afþökkuð en þeim sem
vilja minnst hans er bent á líknarstofnanir.

Jósefína Ólafsdóttir
Árni Ólafsson
Björg Hilmarsdóttir
Eva Þyri Hilmarsdóttir
Gunnar Hilmarsson
Sigurveig Árnadóttir
Ólafur Haukur Árnason
og langafabörn

Hilmar Finnsson
Þorgerður Sigurðardóttir
Kristinn Geir Friðriksson
Ágúst Ólafsson
Anna Hulda Ólafsdóttir
Róbert Kárasón

og langafabörn



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og
útför yndislegu mómmu okkar,
tengdamómmu, ömmu og
langömmu,

Bjargar Bjarnadóttir
Sigtúni 11, Patreksfirði.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Patreksfirði, fyrir góða
umönnun og hlýju í hennar garð.

Börn hinnar látnu



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Svala Ernestdóttir

lést þann 6. janúar sl. á
hjúkrunarheimilinu Skógarbæ.
Útförin fer fram frá Seljakirkju
mánudaginn 23. janúar kl. 13.00.

Páll Örn Benediktsson Jóhanna Sóley Gunnarsdóttir
Eðvarð Gunnar Benediktsson
Guðrún Bjarný Benediktóttir
Berglind Sif Benediktóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,
**Friðrik Arthúr
Guðmundsson**

lést á Heilbrigðisstofnuninni
á Hólmavík 10. janúar.
Útför hans fer fram frá Hólmavíkurkirkju
laugardaginn 21. janúar kl. 14.

Guðmundur Friðriksson Helga Sigvaldadóttir
Lára Jónsdóttir
Sigurður K. Friðriksson
Röfn Friðriksdóttir
Fjóra S. Friðriksdóttir
Vala Friðriksdóttir
Rut Friðriksdóttir
Magnús Gústafsson
Kristján H. Tryggvason
Árni Brynjólfsson
og afabörn



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,
Friðbjófur Sigurðsson
fyrrum byggingarfulltrúi
Hafnarfjarðar,

lést á líknardeild Landakots
sunnudaginn 15. janúar. Útförin fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 26. janúar kl. 13.00.

Sigurður Á. Friðbjófsson Gyða Gunnarsdóttir
Arnór Elínar Friðbjófsson Jenný Garðarsdóttir
Sigrún Friðbjófsdóttir Snæbjörn Blöndal
Gunnvör Friðbjófsdóttir Holger Rabuth
barnabörn og barnabarnabörn



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Agla Ögmundsdóttir
Bræðrabrekku,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Hólmavík 13. janúar. Útför hennar fer fram
frá Hólmavíkurkirkju sunnudaginn 22. janúar kl. 13.00.

Kristinn Þór Bjarnason
Jón Eysteinn Bjarnason
og fjölskyldur



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
S. Hulda Sigurbjörnsdóttir

lést föstudaginn 13. janúar sl.
Hún verður jarðsungen frá Lindakirkju
þriðjudaginn 24. janúar klukkan 11.00.
Að eilífu elskuð og saknað.

Jóhanna Sigurbjörg Huldudóttir P. Jóhann Pálsson
Skúli Eyfeld Harðarson Bryndis Hauksdóttir
Emilía Þórðardóttir Jón Bjarnason
Matthías Þórðarson Rakel Daðadóttir
Þórdís Huld Þórðardóttir Alex Montazeri
barnabörn og barnabarnabörn




Elsku hjartans eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Friða Sigurðardóttir

lést á Landspítalanum að kvöldi annars
dags jóla. Útförin hefur farið fram í
kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sævar Herbertsson
Guðrún E. Baldursdóttir Árni P. Jónsson
Arndís Baldursdóttir Gylfi Sigurðsson
Stefán F. Baldursson Martha S. Örnólfssdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur

m&m's

MEÐ
BÍÓMYNDINI



SJÓNVA PSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 **Mannamál** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 **Suðurnesja magasín** **Vikurfretta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 **Frísk eftir fimmtugt** Þáttur um heilsu og heilbrigði í umsjón Björns Þorlákssonar.
- 20.30 **Fréttavaktin (e)**
- 21.00 **Mannamál**

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 **Heimaleikfimi**
- 13.10 **Kastljós**
- 13.35 **Af fingrum fram** Tónlistarþættir þar sem Jón Ólafsson píanóleikari spjallar við dægurlagahöfunda og tónlistarmenn og tekur með þeim lagið. Gestur í þessum þætti er Valgeir Guðjónsson.
- 14.20 **Milliriðlar** HM karla í handbolta.
- 16.10 **Útsvar 2016 2017**
- 17.25 **Landakort Hafnarhólmi á Borgarfirði eystri**
- 17.30 **Matur með Kiru**
- 18.00 **KrakkarÚV**
- 18.01 **Bakað í myrkri** Í Myrkrældhúsinu er niðamyrkur og krakkarnir þurfa að keppast um að baka flottustu og ljúffengustu kókuna. En margt býr í myrkinu.
- 18.30 **Ofurhetjuskólinn**
- 18.45 **Krakkafréttir**
- 18.50 **Lag dagsins**
- 19.00 **Fréttir**
- 19.25 **Íþróttir**
- 19.30 **Veður**
- 19.35 **Kastljós**
- 20.05 **Ímynd**
- 20.35 **Okkar á milli**
- 21.05 **Ljósmodúrin** Niunda þáttaröð breska myndaflokksins Ljósmodúrininnar, sem er byggður á sannsögulegum heimildum um ljósmæður og skjólstæðinga þeirra í fátækrahverfi í austurborg London á sjöunda áratugnum.
- 22.00 **Tíufréttir**
- 22.15 **Veður**
- 22.20 **Lögregluvaktin**
- 23.00 **Við Us**
- 00.00 **Dagskrárlok RÚV 2**

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 **Tónlist**
- 13.00 **Dr. Phil**
- 13.43 **The Late Late Show**
- 14.22 **The Block**
- 16.55 **Survivor**
- 17.40 **Dr. Phil**
- 18.25 **The Late Late Show with James Corden**
- 19.10 **The Block**
- 20.10 **Þær** Skemmtilegir þættir þar sem við fáum að kynna fimm íslenskum konum sem eiga það allar sameiginlegt að standa framfarlega á sínu sviði.
- 20.40 **The Resident**
- 21.30 **NCIS: Hawaii**
- 22.20 **Walker**
- 23.05 **The Late Late Show**
- 23.50 **Walker**
- 00.35 **NCIS**
- 01.20 **NCIS: Los Angeles**
- 02.00 **Law and Order: Organized Crime**
- 02.45 **The Equalizer**
- 03.30 **The Handmaid's Tale**
- 04.20 **Tónlist**

STÖÐ 2

- 08.00 **Heimsókn**
- 08.20 **Grand Designs**
- 09.05 **Bold and the Beautiful**
- 09.25 **Race Across the World**
- 10.25 **Nei hættu nú alveg**
- 11.05 **Making It**
- 11.45 **Lífið utan leiksins**
- 12.20 **The Carrie Diaries**
- 13.00 **Fávitar**
- 13.20 **Skreytum hús**
- 13.30 **Lego Masters USA**
- 14.10 **Rax Augnablik**
- 14.20 **Professor T**
- 15.10 **The Masked Singer**
- 16.15 **Home Economics**
- 16.35 **Í eldhúsi Evu**
- 17.15 **Bold and the Beautiful**
- 17.35 **The Carrie Diaries**
- 18.25 **Veður**
- 18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 **Sportpakkinn**
- 18.55 **Ísland í dag**
- 19.10 **The Cabins**
- 19.55 **Rutherford Falls**
- 20.20 **Vampire Academy** Blóðþyrstir þættir sem byggðir eru á bókum eftir verðlaunahöfundinn Michelle Mead.
- 21.15 **NCIS**
- 22.05 **Sorry for Your Loss**
- 22.35 **Silent Witness**
- 23.35 **The Midwich Cuckoos**
- 00.20 **Magnum P.I.**
- 01.00 **Succession**
- 02.00 **Race Across the World**
- 03.00 **Making It**
- 03.45 **Professor T**
- 04.30 **Home Economics**

Rennismiðurinn sem varð umhverfissinni

Fyrirverandi eiginkona Veigu Grétarsdóttur bjargaði lífi mannsins síns. Hún sá hann hverfa úr lífi sínu, deyja frá sér, ef svo má segja, en tók svo af skarið og leiddi honum það fyrir sjónir að hann yrði að ganga alla leið – og verða að Veigu, gangast við raunverulegu kyni sínu. Frá þessu öllu saman og meiru til segir Veiga í viðtalsþættinum Mannamáli í kvöld í einstaklega áhrifaríku viðtali. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 háfleyg
- 5 gönuhlaup
- 6 tveir eins
- 8 síðari
- 10 í röð
- 11 drykkur
- 12 blunda
- 13 ker
- 15 sætuefni
- 17 meiða

LÓÐRÉTT

- 1 þróun
- 2 beinn
- 3 hylli
- 4 aðhefst
- 7 aðeins
- 9 ávöxtur
- 12 fordæða
- 14 nagdýr
- 16 ákefð

LÁRÉTT: 1 fjálg, 5 ras, 6 ee, 8 aftari, 10 m, 11 gin, 12 kúra, 13 ámr, 15 súkkat, 17 slasa. LÓÐRÉTT: 1 framrás, 2 jafn, 3 ást, 4 gerir, 7 einasta, 9 agúrka, 12 kukl, 14 mús, 16 as.

SUDOKU

				6	3		7	4
	1	5			9	8		
		3		4				
5						6	8	3
	8			1			2	
7			2				5	
8	4		1	9			6	
9			4					
		6			2			7

				3	9	5	7	1
				1			3	
			6					
	4		9	6				
		6						2
		5			2	4		
	4	3				1	5	
		9		7				
8	3	2			1			

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tví-taka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÓDE ØVERLI



FKA

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 26. janúar gefur Fréttablaðið út sérblað um:

KONUR Í ATVINNULÍFINU

Eitt stærsta blað og vinsælasta sérblað ársins kemur nú út 7 árið í röð. Frábært blað til að kynna konur í öllum stöðum í ykkar fyrirtæki.

Því fyrr því betra með að ná inn í blaðið og fá fina staðsetningu.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jóhann Waage Markaðsfulltúi Fréttablaðsins
Sími 550-5656/ waage@torg.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



FRÍSK EFTIR FIMMTUGT

Í KVÖLD KL. 20.00 OG AFTUR KL. 22.00

Frísk eftir fimmtugt er umræðu- og lífsstílsþáttur þar sem sjónum verður beint að lífi og þörfum ört stækkandi hóps Íslendinga á efri árum.

Rætt verður við vísindamenn jafnt sem leikmenn. Allir viðmælendur eiga sameiginlegt að hafa sögu að segja um hvernig þeim hentar best að tækla þá gjöf sem það er að fá að eldast.

Í fyrsta þættinum fáum við að kynnst hlutskipti afrekskonu á níðæðisaldri og hvernig hreyfing hefur allar götur verið fjöregg hennar góðu heilsu. Þá segir, Pálmi Gestsson leikari í Þjóðleikhúsinu, Birni Þorlákssyni frá föstum og því sem hann kallar sjálfsát.

Frísk eftir fimmtugt á fimmtudögum á Hringbraut í umsjá Björns Þorlákssonar.



HRINGBRAUT





Sjálfsævisaga Harry Bretaprins Spare hefur heldur betur slegið í gegn víða um veröld. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Enginn íslenskur rithöfundur á metsölulista

tsh@frettabladid.is

Jólabókaflóðið hefur greinilega runnið sitt skeið ef miða má við metsölulista Pennans Eymundsson fyrir dagana 11. til 17. janúar 2023, því þar er engan íslenskan rithöfund að finna á lista, ef frá er skilin Jóhanna Geirsdóttir, höfundur kennslubókarinnar Office 365.

Bókin sem trónir efst á lista er skáldsagan Kannski í þetta sinn eftir breska höfundinn Jill Mansell og í öðru sæti er skáldsagan Violeta eftir chileska höfundinn Isabel Allende sem kom nýlega út í íslenskrí þýðingu. Í þriðja sæti er svo sögulega skáldsagan Systraklukkurnar eftir Lars Mytting og í fjórða sæti er hin margumtalaða sjálfsævisaga Spare eftir Harry Bretaprins.

Spare, eða Varaskeifa eins og titillinn útleiggst á íslensku, hefur slegið í gegn víða um veröld en engin önnur ævisaga í breskrí útgáfusögu hefur selst jafn hratt og í jafn stóru upplagi.

Af metsölulista Pennans Eymundsson má einnig sjá að skólar eru aftur komnir á fullt skrið eftir jólafrí því þar má finna þrjár námsbækur, hina áður nefnda kennslubók í Office 365 sem situr í tíunda sæti listans og svo tvær kennslubækur í þýsku; Netzwerk neu A1 vinnubók og lesbók sem sitja í sjötta og sjöunda sæti.

Listann má sjá í heild sinni hér að neðan. ■

1. Kannski í þetta sinn e. Jill Mansell
2. Violeta e. Isabel Allende
3. Systraklukkurnar e. Lars Mytting
4. Spare e. Prince Harry
5. Voðaskot e. Katrine Engberg
6. Netzwerk neu A1 vinnubók
7. Netzwerk neu A1 lesbók
8. Refsiengill e. Heine Bakkeid
9. Áður en við urðum þín kilja e. Lisa Wingate
10. Office 365 e. Jóhönnu Geirsdóttur

Sameinast í gegnum næmni

Listamennirnir Kathy Butterly og Eggert Pétursson opna sameiginlega sýningu í i8 gallerí í dag. Þau vinna í ólíka miðla en hafa svipaða sýn á listina og vinnuferlið.

tsh@frettabladid.is

Bandaríski listamaðurinn Kathy Butterly sýnir skúlptúra ásamt málverkum íslenska myndlistarmannsins Eggerts Péturssonar í i8 gallerí. Í sýningartexta kemur fram að sýn þeirra beggja á listina einkennist af samtali við efni og aðferð og næmni fyrir smáatriðum.

Kathy vinnur skúlptúra í keramik og er þetta í fyrsta sinn sem hún sýnir verk sín hér á landi. Hún segir sýninguna hafa komið til þegar Geneva Viralam, starfsmaður i8 í New York, sá sýningu á verkum hennar þar.

„Ég var með sýningu í New York borg og Geneva sá sýninguna mína og spurði mig hvort ég hefði áhuga á því að halda sýningu á Íslandi með Eggerti. Ég sá verk hans og vissi að þarna væri tenging svo ég sagði já. Síðan gerði ég sex ný verk sérstaklega fyrir þessa sýningu,“ segir Kathy.

Fundu tengingar

Spurð um hvaða tengingar hún hafi fundið við verks Eggerts, segir Kathy:

„Ég held að það sem sameini verk okkar, sem er eitthvað sem ég hef mikinn áhuga á í minni vinnu og sé einnig í verkum hans, sé nánd. Ég held að við séum bæði að fjalla um mismunandi leiðir til að finna nánd í verkum okkar og einnig í heiminum. Þegar ég horfi á málverk Eggerts þá er það eins og hann sé að horfa á eitthvað mjög persónulegt og útvíkka það og stækka þannig að áhorfandinn sér það sem hann er að upplifa og horfa á. Í mínum verkum er ég að taka hugtök sem eru frekar stór, til dæmis landslagið, umhverfið, plánetuna og alheiminn, smækka þau og þjappa þeim saman.“

Kathy segir að áhorfandinn þurfi því að koma mjög nálægt verkum hennar til að upplifa nándina sem er þeim eiginleg. „Þannig erum við á vissan hátt að gera það sama en á gagnstæða vegu,“ segir hún.

Ert þú sammála því, Eggert?

„Já, ég er það. Þetta er hárrétt.“

Íslensk og norsk flóra

Eggert Pétursson er einn þekktasti listamaður Íslands en hann hefur áratugum saman fangað íslenska náttúru og flóru í málverkum sínum.

„Ég er náttúrulega alltaf að vinna með náttúruna og blómin. Það er samt einhver ákveðin saga á bak við



Kathy Butterly og Eggert Pétursson sýna verk sín í fyrsta skipti saman á nýrri sýningu í i8 gallerí sem verður opnuð í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Nokkur af verkum Kathy Butterly og Eggerts Péturssonar á sýningunni í i8. MYND/VIGFÚS BIRGISSON

hvert verk. Við völdum eiginlega úr nokkrum verkum þau sem þösuðu best við verk Kathy. Það var svona hluti af þessari þörun,“ segir hann.

Eggert hefur sýnt margoft áður í i8 gallerí en hann segir þetta vera í fyrsta sinn sem hann er paraður saman við listamann sem hann hefur ekki þekkt áður til.

„Ég er með fjögur málverk og þrjú þeirra eru úr röð verka sem eru eiginlega skandinavísk og norsk flóra frekar en íslensk. Fyrir tíu árum síðan var ég í Noregi, konan mín var að vinna þar í um það bil eitt ár, og ég var tilneyddur til að skoða norsku blómin og finna tengingar við íslensku flóruna. Hugmyndin að fjórða verkinu er nýrri, það eru

blómabreiður undir Skaftafellsjökli, gulmaðra og bláklukka,“ segir Eggert.

Fiskabúr og stöplur

Skúlptúrar Kathy samanstanda af tveimur formum, efra formið er mót af fjöldaframleiddu fiskabúri og hið neðra er eins konar ferningslaga stöpull.

„Ég bý til hlutana tvo, síðan brenni ég þá í brennsluofni einu sinni og byrja svo að bæta við litum. Ég geri ekki teikningar, ég vinn bara út frá innsæinu, og til þess að ég geti séð litinn þarf ég að setja formið inn í brennsluofninn og brenna það. Síðan tek ég það út og bregst við útkomunni. Þetta snýst að miklu



Ég held að við séum bæði að fjalla um mismunandi leiðir til að finna nánd í verkum okkar og einnig í heiminum.

Kathy Butterly

leyti um ferlið við það að bæta við litnum, samtalið hefst um leið og liturinn fer á formið og á endanum eru formin tvö sameinuð,“ segir Kathy.

Ferningarnir, sem Kathy nefnir podiums (stöpull eða rædupallur) eru órjúfanlegur hluti verka hennar og jafn mikill partur listaverksins og formin sem hvíla ofan á þeim.

„Fyrst þegar ég fékk þessa hugmynd um að setja verkin ofan á ferninga hugsaði ég um þá meira eins og rædupall, stað til að láta rödd sína heyrast. Síðan þróuðust þeir eiginlega yfir í jafnmikilvægan part verksins. Ég hugsuð alltaf um ferning sem staðreynd. Þannig að það er mjög tilfinningalegur toppur og svo er staðreyndin á botninum.“ ■

LISTIN SEM BREYTTI LÍFI MÍNU



Ingunn Lára Kristjánsdóttir fréttamaður og leikari

segir lesendum Fréttablaðsins frá listinni sem breytti lífi hennar, tveimur leikritum sem hún sá á unga aldri.

„Ótrúlegt en satt þá höfðu tvö menntaskólaleikrit mikil áhrif á líf mitt. Þetta eru ekki einu sinni verk sem ég lék í. Árin 2005 og 2006 setti Fúria, leikfélag Kvinnaskólans í Reykjavík, upp verkin Stræti eftir Jim Carwright og í þágu þjóðarinnar eftir Timberlake Wertenbaker. Ég var sjálf í grunnskóla og mætti á þessi verk í Tjarnarbíói til að sjá systur minar, Mariu og Kristínu, leika í þeim.“



Þarna, þegar ég var bara fjórtán eða fimmtán ára, vaknaði einhver óbilandi áhugi á sögu, leikritum og leiklist.

Ingunn Lára Kristjánsdóttir

Þetta eru tvö ádeiluverk skrifuð um það leyti sem Margaret Thatcher var forsætisráðherra Bretlands og voru bæði frumsýnd í Royal Court-leikhúsinu á sínum tíma. Þau eru virkilega áhrifamikil.

Þarna, þegar ég var bara fjórtán eða fimmtán ára, vaknaði einhver óbilandi áhugi á sögu, leikritum og leiklist sem varð til þess að ég fór í bachelor-nám í leiklist í Rose Bruford í London og meistaranám í ritlist í Háskóla Íslands.

Ég man að ég bað mömmu um að taka mynd af mér fyrir framan Royal Court-leikhúsið svo ég gæti átt hana seinna þegar ég myndi sjálf skrifa leikverk fyrir þetta stórmerkilega leikhús. Ég er enn að reyna að ná þessu takmarki í dag.“ ■



Ingunn Lára Kristjánsdóttir fyrir framan Royal Court-leikhúsið í Lundúnum árið 2015, MYND/ADSEND

Láttu þjóðþekktan tónlistarmann halda einkatónleika í stofunni

Hversu auðvelt er að heyra í þekktum tónlistarmanni og fá hann til að halda einkatónleika fyrir bóndann? Kannski ekkert svo auðvelt, en það myndi allavega gleðja!



Föt með andliti

Hversu gaman er að láta bóndann hlæja? Og hvað er fyndnara en að gefa honum flik, mögulega sokka, með andlitinu þínu á? Ekkert. Það er ekkert fyndnara!



Gjafirnar fyrir bóndann

Einn frægasti hátíðardagur landsins, sjálfur bóndadagurinn og upphaf þorra er á morgun, föstudaginn 20. janúar. Það er því ekki of seint að verða bóndanum úti um góða bóndadagsgjöf og fór Fréttablaðið því á stúfana. Hér eru tillögur að gjöfum sem ættu að geta glatt flesta bændur.

odduravar@frettabladid.is
benediktboas@frettabladid.is



Landsliðstreyja

Ísland er að fara að vinna HM í handbolta. Og hversu gaman væri þá að gefa bóndanum

eina landsliðstreyju sem hann getur verið í þegar við lyftum bikarnum?

PlayStation 5

Segir eitthvað eins mikið „Ég elska þig“ og að gefa bóndanum vinsælustu leikjatölvu í heimi sem virðist enn vera af skornum skammti í öllum helstu búðum landsins? Þessi gjöf sýnir fram á hversu langt þú ert til í að ganga til að gera bóndann hamingjusaman.



Miða á enska boltann

Þjóðariþrótt Íslendinga er líklega enski boltinn. Flestir ef ekki allir bændur eiga sitt lið og hvað er betra en að verja einni helgi í Bretlandi? Slam dunk bóndadagsgjöf er miði á einn leik í þeim enska.



Súkkulaði

Gott súkkulaði er góð bóndadagsgjöf. Svo er líka hægt að láta merkja súkkulaðið, sem er nett. Svo er súkkulaði fráþætt í forleikinn og bara alls konar.



Eitthvað dónó

Kryddaðu kynlífið með heimsókn í einhverja kynlífsbúðina og keyptu eitthvað skemmtilegt, hvort sem það er Þorralow nú eða bara ný og seiðandi nærföt.



Tattú

Það er fátt skemmtilegra en gott húðflúr. Svo skemmir ekki fyrir ef bóndinn ákveður að setja nafnið þitt á líkama sinn. Þá er sambandið greytt...í húð.

Rakspíri

Hvað er verra en illa lyktandi bóndi? Ekkert. Það er ekkert verra. Þetta er svona gjöf sem er sigur fyrir þig og sigur fyrir bóndann.



Verkfæri fyrir handlaginn heimilisföður

Hvort sem það eru vinnubuxur, verkfærasett, borvél eða skiptilyklasett þá eru verkfæri eða önnur áhöld til heimilishaldsins alltaf góð hugmynd.

Góður matur eða morgunmatur í rúmið

Það þarf ekki allt sem er gott að kosta. Komdu bóndanum á óvart með morgunmat í rúmið eða bjóddu honum út að borða. Nú svo gætirðu líka eldað uppáhaldsmáltíðina hans.



Skotveiðinámskeið

Það er ekkert fallegra en að sjá stórt dýr falla. Það langar alla bændur inn við beinið að taka saklaust líf dýrs. Ekki verra ef þú gefur hníf með svo bóndinn geti fláð dýrið að verkinu loknu.

Ferð á tónleika með Bruce Springsteen

Það fíla allir bændur Bruce Springsteen. Hver væri ekki til í að hafa fæðst í Bandaríkjunum? Springsteen lætur bóndanum líða þannig og þá er takmarkinu náð.



Tesla

Annar hver maður vill eiga Tesla. Það er bara staðreynd. Ekki skemmir fyrir að þeir voru að lækka í verði. Hvað segir meira að þú elskir maka þinn en að núlla út bensínkostnað heimilisins?



Miði til að losna undan skyldum heimilisins

Hversu skemmtilegt er að geta horft á einn góðan bolta-leik eina kvöldstund án þess að þurfa að hafa áhyggjur af húsverkunum? Láttu drauma bóndans rætast.



Hið nýstárlega langvinsælast á rauða dreglinum

Verðlaunahátíðir vestanhafs eru hafnar af fullum krafti. Kvikmyndastjörnurnar hafa nú komið saman í glæsilegum fötum hvaðanæva úr heiminum og tók Fréttablaðið saman það sem mesta athygli hefur vakið á rauða dreglinum á hátíðum líkt og Golden Globes og Critics Choice Awards.

odduaevar@frettabladid.is



Dakota Johnson mætti í fallegum kjól frá Gucci þar sem bakið vakti mestu athyglina.



Julia Garner klæddist bleikum kjól frá Gucci með fallegum steinum. Leiknonan sló í gegn sem svikahrappurinn Anna Delvey í Netflix-seríunni Inventing Anna.



Ayo Edibiri, stjarnan úr The Bear, vakti verðskuldaða athygli á Critics Choice Awards fyrir glæsilegan kjól úr hönnun Thom Browne þar sem jakkaföt og kjóll mætast á skemmtilegan hátt.



Anya Taylor-Joy mætti í gegnsæjum kjól frá Dior Haute Couture á Critics Choice Awards, með 25 karata demant um hálsinn og á hælum frá Jimmy Choo.



Top Gun-leiknonan Monica Barbaro klæddist glæsilegum og klassískum flæðandi tjullkjól frá Dolce & Gabbana.

Rapparinn og plötusnúðurinn Anderson Paak hélt uppi stuðinu í eftirpartinu á Golden Globes. Hann var glæsilegur í framúrstefnulegum rauðbrúnum jakkafötum.



Emma D'Arcy og Millie Alcock vöktu bæði mikla athygli fyrir fataval sitt á Golden Globes. Millie klæddist glæsilegum kjól frá Givenchy á meðan D'Arcy klæddist stórum smóking frá Acne Studios.



Wednesday-stjarnan Jenna Ortega klæddist bleikbrúnum Gucci-kjól og segist hafa viljað klæðast einhverju öðru en dökku að þessu sinni.



Lily James vakti athygli í gegnsæjum kjól úr hönnun Oscar de la Renta á Critics Choice Awards.



Tyrfingur leitaði í sögur af eigin vinum ásamt leikstjóranum Elsu Maríu Jakobsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Viltustu sögurnar byggðar á alvöru íslensku slúðri

Tyrfingur Tyrfingsson, annar handritshöfundarinnar Villibráðar, segist vera steinhissa á vinsældum myndarinnar. Hann segist fyrst og fremst hafa skrifað handritið fyrir vini sína og svo hafi komið í ljós að almenningur sé jafn óvandaður.

odduraevar@frettabladid.is

„Ég er alla vega mjög hissa,“ segir leikskáldið Tyrfingur Tyrfingsson um vinsældir kvikmyndarinnar Villibráðar sem Tyrfingur skrifar handritið að ásamt leikstjóranum Elsu Maríu Jakobsdóttur.

„Þegar við tókum þetta að okkur ákváðum við Elsa að við myndum bara skrifa einhverja mynd um vini okkar fyrir vini okkar,“ segir Tyrfingur hlējandi en þetta er í fyrsta sinn sem þau skrifa handrit að kvikmynd í fullri lengd.

„Svo bara kemur í ljós að almenningur er bara jafn ómerkilegur og vinir okkar og alveg eins óvandaður,“ segir hann enn hlējandi. „Fólk var mjög bjartsýnt, en ég var það eiginlega ekki. Ég hugsaði að þetta væri bara fyrir einhverja perverta og eitthvert skrítið lið.“

Villibráð gerist í matarboði í Vesturbænum þar sem sjö vinir fara í háskalegan samkvæmisleik sem gengur út á að allir leggja síma sína á borðið og samþykkja að öll skilaboð og símtöl sem þeim berast verði afgreidd upphátt og fyrir opnum tjöldum. Þannig geti þau öll sannað að þau hafi ekkert að fela.

Myndin er byggð á dökkri ítalskri kómedíu, Perfetti sconosciuti, eða Fullkomlega ókunnugir, frá 2016. Myndin er mest endurgerða mynd sögunnar. Tyrfingur útskýrir að sér og Elsu hafi verið fengið fullkomið frelsi í hendurnar við handritsskrifin, eini fastinn væri hinn umtalaði samkvæmisleikur.

„Við Elsa vorum saman í MH og eigum mikið af sameiginlegum vinum og vorum svo bara eitthvað að slúðra og tala um fólk,“ segir Tyrfingur sem segir það hafa komið sér sérlega vel við handritsskrifin. Hann ber framleiðandanum Þóri



Leikhúpurinn er stjörnum prýddur og vel valinn leikari í hverju hlutverki.



Snæ Sigurjónssyni vel söguna, enda hafi þau Elsa fengið frjálsar hendur. „Svo vorum við mjög heppin með Önnu Maríu [Jakobsdóttur] hjá kvikmyndasjóðnum. Hún las yfir fyrstu drög og sagði okkur að ganga enn lengra. Ég man að ég spurði hana hvort hún væri að grínast,“ segir Tyrfingur hlējandi.

Handritið hafi því orðið enn villtara. „Þetta varð enn meira lókal og eitthvert rugl og pródúsjónin fór algjörlega úr böndunum,“ segir Tyrfingur á léttu nótonum. „Þess vegna var ég bara: „Æi, þetta er nú meira ruglið. Jája, maður á alla vega einhvern hittara í leikhúsinu,“ segir Tyrfingur og á þar við leikritið Sjö ævintýri um skömm í Þjóðleikhúsinu.

„En svo bara kemur í ljós að fólk er ekkert eins vandað og maður heldur, maður á greinilega ekki að



Maður á alltaf að búa til list fyrir vini sína og vona svo að annað fólk sé jafn óvandað.

ofmeta almenning,“ segir handritshöfundurinn í gríni.

„Við göngum svo langt líka að við notum bara nöfn vina okkar. Stína Gunn, ég notaði nafnið hennar Grúna bara af því að ég vildi fá einhver viðbrögð frá henni. Ég hafði áhyggjur af því að þau yrðu ógeðslega sár og reið en svo var þeim bara alveg sama. Þau bera enga virðingu fyrir þessu,“ segir Tyrfingur.

Hann segist ekki sist hafa reynt að hugsa handritið mikið fyrir vinkonu sína. „Því hún hefur ekki gaman af neinu, horfir aldrei á bíómyndir og hlustar ekki einu sinni á útvarp. Hún hlustar bara á Bubba Morthens en hefur ekki einu sinni gaman af því,“ segir Tyrfingur hlējandi.

Hann segir markmiðið hafa náðst, Grúna hafi haft gaman af myndinni. „Eða hún segir það alla vega,“ segir Tyrfingur sem er himinlifandi yfir viðbrögðunum. „Oft er verið að reyna að búa til eitthvað fyrir heimsmarkaðinn, sem gengur ekkert í listum. Maður á alltaf bara að búa til list fyrir vini sína og vona svo að annað fólk sé jafn óvandað og vinir manns.“ ■

Allt fyrir helgina!

Tilboð gilda 19.–22. janúar

Fajitas-
kjúklinga-
bringur
í strimlum

1.499 kr/kg
1.999-kr/kg

KJÖTSEL

25%



GÖÐI

20%



Stór þorrabakki

3.119 kr/pk
3.899-kr/pk



30%

Jonagold-epli

209 kr/kg
299-kr/kg

GÖÐI

22%



Lamba-prime með
hvítlauk og rósmaríni

4.367 kr/kg
5.599-kr/kg

KJÖTBANKINN

22%



Nautasteikur úr lund
í trufflumaríningu,
2 stk.

6.302 kr/kg
8.079-kr/kg

ISFUGL

50%



Helgarsteik,
kalkúnalæri með beini

1.670 kr/kg
3.339-kr/kg

BARION

20%



Hamburgarar
2x140 g

575 kr/pk
719-kr/pk


BARION

20%



Hamburgara-
kartöflubrauð, 2 stk.

295 kr/pk
369-kr/pk



Safnaðu
inneign og
fáðu betra
verð á
matvöru með
Samkaupa-
appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

BAKÞANKAR



Kolbeinn Marteinsonar

Deyjandi unglingur

Árið 2007 opnaði ég reikning á Facebook. Það var strax mikið fjör. Þannig var maður sífellt að pota í fólk, spila leiki, læka og kommenta. En það langskemmtilegasta var að tengja aftur við fólk sem maður hafði þekkt og átt góð samskipti við í fortíð. Barnslegt sakleysi Facebook breyttist samt hratt með hækkandi aldri. Þar sem keypt efni fékk sífellt meira vægi.

Núna, 15 árum frá því að ég fyrst fór inn á Facebook, er þessi miðill rétt eins flestir sem náð hafa 15 árum orðinn hundleiðinlegur. Vinir manns sem áður gátu skrifað skemmtilegar færslur og kommentuðu hjá manni og settu inn heilu myndaalbúmin frá ferðalögum halda sér nú til hlés og gefa kannski eitt læk á mánuði. Áhugi fólks á miðlinum fer að mér sýnist sífellt minnkandi í sambandi við sífellt fleiri kostaðar færslur.

Facebook minnr mig í dag á sjónvarpsdagskrána sem borin var út í öll hús fyrir 30 árum. Það litla sem var áhugavert þar var falið innan um endalausar auglýsingar. Facebook hefur brugðist við þessu með því að halda að okkur efni þar sem aðilar rífast svo að blóðið rennur. Enda fátt skemmtilegra en að horfa á fullorðið fólk óskra á hvert annað.

Í dag er staðan þannig að eina skiptið sem mér finnst gaman inni á Facebook er þegar maður á afmæli. Þar fær maður fullt af kveðjum frá fólki sem flest hafði ekki hugmynd um að maður ætti afmæli. Enda er það þannig að það fyrsta sem Facebook hvetur mig til að gera á hverjum degi er að senda afmælisbarni dagsins kveðju.

Hvað þessi skrif varðar þá mun ég deila þessum pistli á Facebook þar sem hann mun fá nokkur læk og sniðugur frændi minn kommentar eitthvað tví-rætt. ■

Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



SKANNADU KÓÐANN



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN



TAKK!

6 ár
í röð

1. sætið í ánægjuvoginni

Við hjá BYKO erum ákaflega stolt af því, 6. árið í röð, að eiga ánægðustu viðskiptavinina í flokki byggingavörverslana. Íslenska ánægjuvugin er félag í eigu Stjórnvísí og er framkvæmd í höndum Prósent. Mæld er ánægja viðskiptavina í hinum ýmsu geirum reglulega yfir árið. Þessi viðurkenning segir okkur að við séum á réttri vegferð og erum við staðráðin í því að halda áfram að gera enn betur.

Takk fyrir okkur!

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO